



**UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR**

**Ársskýrsla 2018**



## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Formáli sambandsstjóra .....                              | 5  |
| Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2018 .....          | 7  |
| Afreksmannasjóður UMSB .....                              | 8  |
| Íþróttamaður Borgarfjarðar 2018 .....                     | 9  |
| Nokkur verkefna UMSB árið 2018 .....                      | 13 |
| Hreyfivika UMFÍ .....                                     | 13 |
| Kynningardagur .....                                      | 14 |
| Sýnum karakter .....                                      | 14 |
| Saga Húsafellshátíðar .....                               | 15 |
| Ungt fólk .....   | 15 |
| Pátttaka barna og unglunga í íþróttum og tómstundum ..... | 16 |
| Viðurkenningar .....                                      | 18 |
| Viðurkenningar til sjálfbóðaliða .....                    | 19 |
| Stjórn UMSB 1912 – 2019 .....                             | 20 |
| Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2018 .....              | 25 |
| Ársskýrslur aðildarfélaga .....                           | 26 |
| <b>Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar</b> .....             | 26 |
| <b>Golfklúbbur Borgarness</b> .....                       | 27 |
| <b>Golfklúbburinn Glanni</b> .....                        | 32 |
| <b>Golfklúbburinn Skrifla</b> .....                       | 33 |
| <b>Ungmennafélagið Dagrenningur</b> .....                 | 34 |
| <b>Hestamannafélagið Borgfirðingur</b> .....              | 35 |
| <b>Ungmennafélagið Íslendingur</b> .....                  | 38 |
| <b>Ungmennafélag Reykdæla</b> .....                       | 39 |
| <b>Ungmennafélag Stafholtstungna</b> .....                | 40 |
| Fréttapunktur frá UMFÍ 2018 .....                         | 43 |
| Fréttapunktur frá ÍSÍ árið 2018 .....                     | 47 |
| Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar .....                  | 54 |
| Ársreikningur 2018 .....                                  | 57 |

Skýrsla 2018 lögð fram á 97. Sambandsþingi Ungmennasambands Borgarfjarðar.

Uppsetning Sigurður Guðmundsson

Prentun Fjölritunar og útgáfuþjónustan



## Formáli sambandsstjóra

Kæru félagar.

Undirrituð hefur sinnt starfi sambandsstjóra síðastliðið ár og hefur það verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt. Þau eru mörg og misjöfn verkefni sem koma inn á borð UMBSB og erum við með gott fólk sem að starfar með og fyrir okkur. Því ber að þakka.

Hér að neðan má sjá nokkur þeirra verkefna sem unnið var að árið 2018. Gaman er að sjá hversu fjölbreytt starfið er og mikill fjöldi fólks á mismunandi aldri sem kemur að starfinu.

Haldið var sambandsþing á Hvanneyri árið 2018, þar tók Ungmennafélagið Íslendingur á móti okkur. Farið var yfir helstu málefni og árið gert upp. Rósa Marinósdóttir var sæmd gullmerki UMFÍ og Kristján Gíslason starfsmerki UMFÍ en bæði hafa þau unnið ómetanlegt starf í þágu íþróttaráttar í sveitarfélaginu.

UMBSB tók þátt í Hreyfiviku UMFÍ dagana 25. maí til 3. júní. Hreyfivika UMFÍ er árleg lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum. Fjölmarginir tóku þátt og fundu sér hreyfingu við hæfi. UMBSB var með fjölbreytta dagskrá í boði þessa daga og hvatti íbúa til að taka þátt í þeim viðburðum sem voru í boði og voru þeir vel auglýstir. Meðal annars var boðið upp á frítt í sund, opið á æfingar hjá félögum og gönguferðir alla dagana víðsvegar um starfssvæði UMBSB. Einstaklingar tóku einnig þátt í að bjóða upp á hreyfingu og var meðal annars boðið upp á þolfimi (e. Aerobic).

Í byrjun skólaárs var haldinn kynningardagur á þeim íþróttagreinum sem í boði eru innan UMBSB. Þar gafst foreldrum og börnum kostur á að kynna sér og prófa það starf sem er í boði innan okkar deilda. Einnig gafst kostur á að ræða við þjálfara og fá upplýsingar um skráningar fyrirkomulag. Þetta var fyrsti kynningardagurinn sem við erum með og var gaman að sjá hversu góð mæting var, stefnum við á að gera þetta að árlegum viðburði.

Á síðasta sambandsþingi var ákveðið að setja af stað fagråd sem tekur við tilkynningum, þegar við á, um kynferðisbrot, agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát. Fagráðið finnur viðkomandi tilkynningu réttan farveg og tryggir að þær fái viðhlítandi málsmeðferð. Fagråd leiðbeinir jafnframt þolendum um málsmeðferð og veitir þeim stuðning eftir því sem við á. Fagráðið hefur þegar tekið til starfa.

UMBSB sótti um styrk til UMFÍ til að innleiða verkefnið *Sýnum karakter*. Við fengum styrk til að byrja að innleiða verkefnið. Við héldum opna kynningu á verkefninu fyrir alla íbúa og voru þeir sem koma að starfi með börnum sérstaklega hvattir til að mæta. Við fengum hvetjandi og flotta fyrirlesara og fór mæting framar öllum okkar væntingum, fjöldi fólks á öllum aldri mætti og kynnti sér verkefnið. Haldið verður áfram með verkefnið á árinu 2019 og unnið með þjálfurum deilda og þeim sem að starfinu koma.

UMBSB tók að sér að vera með umræðupartí fyrir UMFÍ í vor. Markmið og tilgangur umræðunnar var að skapa umræðuvettvang þar sem ungt fólk fær tækifæri til að láta í sér heyra og koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfi. Viðburðurinn brúaði bil á milli þeirra sem bera ábyrgð og ungmenna sem starfið er hugsað fyrir. Til viðbótar var markmiðið að opna augu þeirra sem eldri eru fyrir því að ungt fólk veit best hvað hentar ungu fólki (jafningjafraeðsla) og á hverju ungt fólk hefur áhuga. Öll ungmenni í Borgarbyggð í 8.-10. bekk voru boðuð í partíð sem haldið var í Logalandi. Góð samvinna var á milli UMBSB og grunnskólanna þar sem viðburðurinn var haldinn á skólatíma.

Unglingalandsmótið 2018 var haldið í Þorlákshöfn og var skráning UMBSB með mesta móti. Mótið gekk vel og voru okkar ungmenni til mikillar fyrirmyndar nú sem áður. UMBSB fékk verðlaun fyrir að vera það félag sem var til fyrirmyndar á mótinu og var það mikill heiður fyrir okkur og okkar fólk.

Hér áður fyrr var *Húsafellshátíð* einn stærsti viðburður á vegum UMSB og var hún haldin árlega. Ákveðið var að kalla nokkra aðila saman sem komu hvað mest að hátíðinni til að fara yfir sögu hennar og koma henni á blað. Aðilarnir hittust á Akranesi og fóru yfir söguna saman. Magnús hjá Skessuhorni tók viðtölin og birti í jólablaði Skessuhorns 2018.

Kjör á íþróttamanni Borgarbyggðar fór fram á síðasta degi jóla þann 6. janúar síðastliðinn við hátíðlega athöfn sem haldin var í Hjálmakletti. Tólf efnilegir íþróttamenn voru tilnefndir en Bjarni Guðmann Jónsson var krýndur íþróttamaður Borgarbyggðar árið 2018 fyrir góðan árangur í körfubolta. Nokkur aðildarfélög nýttu sér einnig viðburðinn og veittu íþróttafólki viðurkenningar og verðlaun.

Við erum stolt af okkar flotta íþróttafólki og það var ánægjulegt hversu vel hátíðin var sótt og vel tókst til.

Fram undan eru spennandi tímar. *Landsmót 50+* verður haldið hjá okkur árið 2020 og erum við búin að sækja um að halda *Unglingalandsmót* árið 2021 eða 2022.

Að lokum þakka ég ykkur kærur félagar fyrir gott samstarf, þetta hefur verið ákaflega lærdómsríkt og skemmtilegt ár. Ég hef engu að síður ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi stjórnarstarfa UMSB og óska ég nýrri stjórn velfarnaðar.

María Júlía Jónsdóttir

Sambandsstjóri UMSB



**KPMG**

## Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2018

|                         |                                |
|-------------------------|--------------------------------|
| Sambandsstjóri          | María Júlía Jónsdóttir         |
| Varasambandsstjóri      | Guðrún Þórðardóttir            |
| Vara varasambandsstjóri | Hafdís Ósk Jónsdóttir          |
| Gjaldkeri               | Sigríður Bjarnadóttir          |
| Varagjaldkeri           | Eyjólfur Kristinn Örnólfsson   |
| Ritari                  | Kristín Gunnarsdóttir          |
| Vararitari              | Þórður Sigurðsson              |
| Meðstjórnandi           | Anna Dís Þórarinsdóttir        |
| Meðstjórnandi           | Þórhildur María Kristinsdóttir |

### Starfsfólk UMSB

|                   |                                |
|-------------------|--------------------------------|
| Framkvæmdarstjóri | Sigurður Guðmundsson           |
| Tómstundastjóri   | Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir |



## Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86. sambandsþingi UMSB, þann 13. mars 2008 og var stofnframlagið styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000 kr.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkvæmt reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög. Heimilt er að úthluta 75% af tekjum sjóðsins á hverju ári. Umsóknum í sjóðinn skal skila fyrir 1. mars en stjórn hefur heimild til að úthluta úr sjóðnum ef sérstaklega stendur á þess fyrir utan.

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Páli Brynjarssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum. Árið 2017 var úthlutað 600.000 kr. og árið 2018 var úthlutað 670.000 kr.

### Eftirtaldir hlutu styrk í mars 2017 fyrir afrek sín á árinu 2016:

|                            |                  |         |
|----------------------------|------------------|---------|
| Bjarki Pétursson           | golf             | 175.000 |
| Birgitta Björnsdóttir      | dans             | 115.000 |
| Daði Freyr Guðjónsson      | dans             | 115.000 |
| Bjarni Guðmann Jónsson     | körfuknattleikur | 65.000  |
| Inga Rósa Jónsdóttir       | badminton        | 65.000  |
| Sigurður Aron Þorsteinsson | körfuknattleikur | 65.000  |

### Eftirtaldir hlutu styrk í mars 2018 fyrir afrek sín á árinu 2017:

|                             |                  |         |
|-----------------------------|------------------|---------|
| Arnar Smári Bjarnason,      | körfuknattleikur | 70.000  |
| Bjarni Guðmann Jónsson,     | körfuknattleikur | 70.000  |
| Bjarki Pétursson,           | golf             | 170.000 |
| Daði Freyr Guðjónsson,      | dans             | 120.000 |
| Máni Hilmarsson             | hestaíþróttir    | 170.000 |
| Sigurður Aron Þorsteinsson, | körfuknattleikur | 70.000  |



## Íþróttamaður Borgarfjarðar 2018

### **Alexandrea Rán Guðnýjardóttir, kraftlyftingar**

Alexandrea byrjaði að æfa kraftlyftingar í júní 2017. Alexandria keppti á fyrsta mótinu sínu undir merkjum *Kraftlyftingafélags Akraness* þar sem hvorki er kraftlyftingafélag innan UMSB né Skallagríms. Í dag keppir hún undir merkjum *Kraftlyftingafélags Mosfellsbæjar*. Helsti árangur hennar á árinu er að hún setti Íslandsmet í bekkpressu, 62,5 kg í flokki „junior“, -57 kg. Alexandria var valin í landsliðshóp Íslands í kraftlyftingum og stefnir hún á að keppa á EM í klassískri bekkpressu í Lúxemborg og NM í Danmörku í september 2019.

### **Anton Elí Einarsson, golf**

Anton er mjög duglegur og stundar íþrótt sína af kappi. Hefur sýnt góðar framfarir á undanförunum árum og á framtíðina fyrir sér í golfinu. Anton Elí hefur verið virkur í að fara á unglíngamótaröð GSÍ og hefur þar aflað sér reynslu og staðið sig með þryði. Á árinu hefur hann keppt á meistaramóti *Golfklúbbs Borgarness*.

### **Bjarki Pétursson, golf**

Bjarki hefur sýnt það og sannað með árangri sínum sem áhugamaður í golfi að hann hefur skýra markmiðssetningu í nálgun sinni á íþróttinni. Nú er hann á stóra sviðinu, meðal bestu áhugamanna í golfi. Árið 2018 hefur hann keppt í efsta styrkleikaflokki á heimsvísu í áhugamannagolfi. Hann hefur náð mjög góðum árangri á þessum mótum. Á árinu keppti Bjarki í háskólagolfinu í Bandaríkjunum. Keppti hann þar í liðakeppni og endaði liðið í fyrsta sæti. Bjarki endaði samanlagt í öðru sæti í einstaklingskeppni á sama móti. Bjarki var valinn til þess að leika fyrir landsliðið á Evrópumóti Landsliða. Ísland er í efsta styrkleikaflokki, en þar hafa 16 lönd sæti. Bjarki endaði efstur Íslendinga, eða í 16. sæti af 96 keppendum. Bjarki var í íslenska karlalandsliðinu sem endaði í 35. sæti á *Eisenhower Trophy* mótinu, eða heimsmeistaramóti áhugamanna. Bjarki er góð fyrirmynd annara íþróttamanna, bæði utan vallar sem innan. Hann er agaður og vinnusamur við allt sem hann gerir. Er sérlega kurteis og þrúður í framkomu, sannur íþróttamaður sem ber virðingu fyrir andstæðingum sínum. Hans aðalmerki í íþróttinni er að láta verkin tala.

### **Bjarni Guðmann Jónsson, körfuknattleikur**

Það er vandfundinn betri karakter til að hafa í hóp íþróttamanna í liðsíþrótt en Bjarna Guðmann Jónsson. Hann er ósérhlífinn og vinnusamur með eindæmum. Sú elja sem hann sýnir á hverri einustu æfingu setur tóninn fyrir alla leikmenn liðsins. Hann er hinn dæmigerði leikmaður sem stuðningsmenn *Skallagríms* elska að sjá spila körfubolta. Hann berst um alla bolta, gefur ekki tommu eftir í vörn og bætir upp fyrir veikleika sína með fádæma dugnaði og baráttu. Bjarni er einn af lykilleikmönnum í meistaraflokki og hann átti stóran þátt í því að vinna liðinu sæti í úrvalsdeild í vor. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Bjarni stimplað sig inn sem eitt allra mesta efni sem komið hefur úr yngri flokkum *Skallagríms*. Bjarni var valinn til að leika með *U-20* ára landsliði Íslands árið 2018. Liðið spilaði í A deild Evrópumóts í Þýskalandi.

### **Björg H Kristófersdóttir, sund**

Björg hefur tekið þátt í öllum helstu mótum sem haldin hafa verið fyrir *Garpa* á árinu. Í haust tók hún þátt í Evrópumeistaramóti *Garpa* í sundi. Þar náði hún mjög góðum árangri sem tekið var eftir. Setti hún Íslandsmet *Garpa* í nokkrum greinum í sínum aldursflokkum: Í 100 metra bringusundi og 50 metra bringusundi. Gaman er að sjá hversu vel Björg stendur sig í íþróttinni og greinilegt er að hún á nóg inni. Björg er góð fyrirmynd fyrir eldri íþróttamenn til að stíga

upp og fara að stunda sína íþrótt af kappi. Gaman verður að fylgjast með henni í framtíðinni og sjá hana halda áfram að bæta sig.

### **Brynjar Snær Pálsson, knattspyrna**

Brynjar Snær Pálsson hefur allt sem þrýða þarf nútíma knattspyrnumann. Hann er afar leikinn knattspyrnumaður en hefur líka óvenju góðan leikskilning miðað við aldur. Hann er samviskusamur, einbeittur og metnaðarfullur íþróttamaður og hefur sýnt það að hann er tilbúinn að leggja mikið á sig til að ná árangri. Fyrir vikið hefur Brynjar vakið verðskuldaða athygli og meðal annars hlotnast sá heiður að spila með landsliðinu í knattspyrnu í sínum aldursflokki. Brynjar er góður liðsfélagi. Hann gerir miklar kröfur inni á vellinum bæði til sín og annarra en er um leið góður leiðtogi. Hann er þrúður leikmaður en um leið drifandi og að öllu leyti góð fyrirmynd innan vallar sem utan. Brynjar tók þátt í öllum landsliðsverkefnum síns árgangs á árinu. Einnig var hann valinn í *U-18* ára landsliðið sem lék tvo leiki í Letta í sumar. Brynjar er í dag yngsti leikmaður *ÍA* í meistaraflokki sem er að undirbúa sig til þátttöku í sumar.

### **Davíð Guðmundsson, körfuknattleikur**

Davíð hefur verið einn af lykilleikmönnum í meistaraflokki *Skallagríms* undafarin ár. Davíð var einn af lykilleikmönnum í meistaraflokki *Skallagríms* sem átti stóran þátt í því að vinna liðinu sæti í úrvalsdeild í vor. Hann var annar tveggja fyrirliða liðsins. Hann er gríðarlega öflug skytta og eru ófáar þriggja stiga körfurnar sem hann hefur skorað úr. Hans helsti styrkur er hversu góður liðsmaður hann er. Davíð er vinnusamur og duglegur og leggur hart að sér við að verða betri í dag en í gær. Hann er duglegur að taka auka æfingar, hann hugsar vel um sjálfan sig og framkoma hans bæði fyrir innan og utan völlinn er ávallt til fyrirmyndar. Davíð er alltaf rólegur og yfirvegaður þrátt fyrir að blási á móti í leikjum. Hann æfir nú og keppir með öflugum liði *Fjölnis* í 1. deild sem berst fyrir því að komast í úrvalsdeild.

### **Helgi Guðjónsson, knattspyrna**

Helgi Guðjónsson er einstaklega hæfileikaríkur leikmaður, ekki bara í fótbolta heldur sem íþróttamaður. Hann myndi ná árangri í hvaða íþróttagrein sem er eins og hann hefur áður sýnt og sannað. Sem knattspyrnumaður ber helst að nefna að hann er markaskorari af Guðs náð. Hann býr yfir miklum hraða og hraðabreytingum sem varnarmenn eiga oftast nær í erfiðleikum með. Helgi er örfættur leikmaður, sparkviss og með góða skottækni. Skallatækni Helga er til fyrirmyndar en hans helsti kostur í loftinu er hversu lengi hann getur hangið en hann er með afburðar stökkkraft. Á vellinum er hann kappsamur, útsjónarsamur, gríðarlega fljótur og með frábærar staðsetningar. Innan sem utan vallar er Helgi ávallt til fyrirmyndar enda mikið gæðablóð og með sín markmið á hreinu. Helgi leikur knattspyrnu með meistaraflokki *Fram*. Hann spilaði alla leiki með *Fram* og skoraði sjö mörk.

### **Randi Holaker, hestaíþróttir**

Randi byrjaði ung í hestamennsku og hefur verið atvinnumanneskja í hestamennsku síðan 2005. Hún hefur reiðkennarapróf frá Hólum, útskrifuð þaðan 2008. Hún stundar tamningar, þjálfun og kennslu á Skáney í Reykholtssdal. Randi hefur staðið framarlega í bæði íþrótt- og gæðingakeppni í keppnum á Vesturlandi og víðar síðustu ár. Randi hefur verið virk í kennslu, ekki síst verið dugleg að standa fyrir unglinga- og barnastarfi. Hún hefur keppt fyrir hönd *Borgfirðings* áður *Faxa* auk þess að taka þátt í *Vesturlandsdeildinni* sem haldin er í Borgarnesi. Randi er góð fyrirmynd, hógvær og góður íþróttamaður, alltaf tilbúin að gefa af sér og aðstoða aðra. Markmið hennar er að halda áfram að bæta sig í greininni og gera enn betur.

## Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, körfuknattleikur

Sigrún Sjöfn er lykilleikmaður úrvalsdeildarliðs *Skallagríms* í körfuknattleik en liðið er í mikilli baráttu í *Dominosdeild* kvenna og leiðir Sigrún liðið af miklum krafti og metnaði. Hún er drifandi liðsfélagi sem leggur allt í leikinn, æfir af miklum krafti og það skilar sér í þeim árangri sem raun ber vitni. Sigrún Sjöfn varð fyrir því óláni að meiðast í lok síðasta árs, en með sínum krafti og dugnaði komst hún inn á völlinn á ótrúlega skömmum tíma og náði að leggja sitt af mörkum við að koma *Skallgrími* í undanúrslit um Íslandsmeistaratitil í vor. Sigrún Sjöfn er einnig leikmaður í *A-landslíði* Íslands, en sökum meiðslanna gat hún ekki tekið þátt í verkefnum þess fyrri hluta árs, en kom sterk inn nú í nóvember.

## Sigursteinn Ásgeirsson, frjálssar íþróttir

Sigursteinn er skemmtilegur liðsfélagi með mikinn húnor, hæglátur en til í flest. Hann hefur mikinn metnað í sínum greinum og er mikill keppismaður. Ánægjulegt er að fylgjast með Sigursteini í keppni þar sem hann eflist til muna við keppni andstæðinga sinna. Hann tekur leiðsögn vel og er sífellt að bæta sig. Með árunum hefur metnaður hans aukist og er hann orðinn mjög einbeittur í keppni og leggur sig ávallt allan fram. Sigursteinn nýtir tíma sinn vel á æfingum, fylgist vel með eigin frammistöðu og heldur utan um árangur sinn. Metnaðurinn er því mikill og hefur verið gaman að fylgjast með stöðugum bætingum hans síðustu árin, sérstaklega eftir að hann fór að æfa undir leiðsögn þjálfara *ÍR* í Reykjavík sem hefur bætt tækni hans til muna. Sigursteinn var valinn í úrvalshóp *FRÍ* 15 – 19 ára árið 2018.

## Guðmunda Ólöf Jónasdóttir, sund

Mumma Lóa hefur alla tíð verið viðloðandi sundíþróttina. Hún æfði sund og keppti sem unglingur á Ísafirði og þegar sundlaug var opnuð á Bolungarvík 1977 hafði hún forgöngu um stofnun sunddeildar *UMFB*. Árið 2018 tók hún þátt í Evrópumeistaramóti Garpa í sundi. Þar náði hún góðum árangri. Einnig tók hún þátt í helstu mótum sem eru fyrir Garpa og vann til verðlauna. Hún á enn mikið inni og verður spennandi að sjá hvaða árangri hún nær á árinu 2019.



## Úrslit

1. sæti – Bjarni Guðmann Jónsson
2. sæti – Bjarki Pétursson
3. sæti – Sigrún Sjöfn Ámundadóttir
4. sæti – Brynjar Snær Pálsson
5. sæti - Helgi Guðjónsson

| <b>Félag</b>                          | <b>Fjöldi<br/>félagsmanna</b> | <b>Þingfulltrúar</b> |
|---------------------------------------|-------------------------------|----------------------|
| UMF. Íslendingur                      | 260                           | 2                    |
| UMF. Dagrenning                       | 57                            | 1                    |
| UMF. Reykdælir                        | 244                           | 2                    |
| UMF. Stafholtstungna                  | 176                           | 2                    |
| UMF. Egill Skallagr.                  | 48                            | 1                    |
| UMF. Skallagrímur                     | 1536                          | 13                   |
| UMF. Björn Hítid.                     | 62                            | 1                    |
| HMF. Borgfirðingur                    | 498                           | 4                    |
| GK Borgarness                         | 140                           | 2                    |
| GK Glanni                             | 50                            | 1                    |
| GK Húsafells                          | 18                            | 1                    |
| GK Skrifla                            | 13                            | 1                    |
| Dansíþróttafélag Borgarfjarðar        | 56                            | 1                    |
| Ungmenna- og íþróttaf. Hvalfjarðarsv. | 84                            | 1                    |
| Frjálsíþróttaf. Bgf.                  | 63                            | 1                    |
| Mótorsportfélag Borgarfjarðar         | 109                           | 2                    |
| Skotfélag Vesturlands                 | 104                           | 2                    |
| <b>Samtals</b>                        | <b>3518</b>                   | <b>38</b>            |

## Úr lögum UMSB

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.



## Nokkur verkefna UMSB árið 2018

UMSB sinnir fjölmörgum verkefnum ár hvert. Hér að neðan má sjá nokkur þeirra verkefna sem unnin voru árið 2018. Gaman er að sjá hversu fjölbreytt starfið er og mikill fjöldi á mismunandi aldri sem kemur að starfinu.

### Hreyfivika UMFÍ

UMSB tók þátt í Hreyfiviku UMFÍ dagana 25.05. – 3.06. Hreyfivika UMFÍ er árleg lýðheilsuherferð og hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum. UMSB var með dagská þessa daga sem var auglýst og voru íbúar hvattir til að taka þátt í þeim viðburðum sem voru í boði.

Meðal þess sem boðið var uppá var frítt í sund, opið á æfingar hjá félögunum, daglegar gönguferðir víðsvegar um starfssvæði UMSB. Einnig buðu einstaklingar uppá hreyfingu, meðal annars í þolfimi (e. Aerobics). Fjölmargir tóku þátt í vikunni og fundu sér hreyfingu við hæfi.

## Kynningardagur

Ákveðið var að halda í fyrsta skipti kynningardag á þeim íþróttagreinum sem í boði eru innan UMSB. Foreldrar og börn gátu komið og prófað hinar ýmsu greinar. Þátttaka var stórgóð, margir komu og nýttu sér það að prófa og finna sína grein. Þarna gafst þeim kostur á að ræða við þjálfara, kynna sér starfsemina, fá upplýsingar um skráningu o.fl.



## Sýnum karakter

UMSB sótti um styrk til UMFÍ til að innleiða verkefnið *Sýnum karakter*. Styrkur fékkst til að hefja innleiðingu á verkefninu. Ákveðið var að vera með opna kynningu á verkefninu fyrir alla íbúa. Fjöldi fólks koma til að kynna sér verkefnið og hlusta á góða og hvetjandi fyrirlesara. Haldið verður áfram með verkefnið á áinu 2019 og það unnið með þjálfurum.



## Saga Húsafellshátíðar

*Húsafellshátíðin* var eitt sinn einn hinna stóru viðburða UMSB ár hvert. Ákveðið var að kalla nokkra aðila saman sem komu hvað mest að hátíðinni til að segja frá sögu sinni og hátíðarinnar. Verkefnið var unnið í samvinnu við héraðsfréttablaðið *Skessuhorn*. Hópurinn hittist á Akranesi og fór yfir söguna. Magnús Magnússon, ritstjóri, tók viðtölin sem birt voru í jólablaði *Skessuhorns* 2018.



## Ungt fólk


UMSB tók að sér að vera með umræðupartí fyrir UMFÍ í vor. Markmið og tilgangur umræðunnar var að skapa umræðuvettvang þar sem ungt fólk fékk tækifæri til að láta í sér heyrna og koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfi. Viðburðurinn brúaði bil á milli þeirra sem bera ábyrgð og ungmenna sem starfið er hugsað fyrir.

Til viðbótar við ofangreint var markmið viðburðanna að opna augu þeirra sem eldri eru fyrir því að ungt fólk veit best hvað hentar ungu fólki (jafningjafraeðsla) og á hverju ungt fólk hefur áhuga. Öll ungmenni í Borgarbyggð í 8. – 10. bekk voru boðuð í partí í Logalandi. Góð samvinna var á milli UMSB og grunnskólanna þar sem viðburðurinn var haldinn á skólatíma.




## Páttaka barna og unglinga í íþróttum og tómstundum

Mikilvægt er að fylgjast með fjölda þeirra sem eru að stunda íþróttir og tómstundir innan UMSB þannig að hægt sé að fylgjast með t.d. brottfalli. Töflurnar sem eru hér að neðan eru upplýsingum úr Nóra sem og tölur frá grunnskólum Borgarfjarðar.






## Fjöldi barna í bekkjum og virkni í tómsundum árið 2018



## Heildar nemendafjöldi og fjöldi þeirra sem eru í tómsundum



## Viðurkenningar

### GULLMERKI UMSB

1977 Björk Ingimundardóttir  
1982 Sigurður R. Guðmundsson  
1982 Vilhjálmur Einarsson  
1983 Vilhjálmur Einarsson  
1988 Gísli Halldórsson  
1990 Ingimundur Ingimundarson  
1992 Bjarni Bjarnasson  
1992 Björg Kristófersdóttir  
1992 Geir Sævar Geirsson  
1992 Guðmundur Sigurðsson  
1992 Rósa Marinósdóttir  
1992 Sigríður Þorvaldsdóttir  
1992 Þuríður Jóhannesdóttir  
1992 Þórir Jónsson  
1993 Bjarni Valtýr Guðjónsson  
1996 Ingunn Jóhannesdóttir  
1998 Birgir Karlsson  
1999 Einar Ole Pedersen  
2002 Þorsteinn Viggósson  
2002 Jófríður Hanna Sigfúsdóttir  
2002 Íris Grönfeldt  
2002 Karl Torfason  
2004 Ásdís Helga Bjarnadóttir

### GULLMERKI UMFÍ

1987 Jón G. Guðbjörnsson  
1992 Þórir Jónsson  
2001 Ingimundur Ingimundarson  
2001 Magnús Jakobsson  
2010 Ásdís Helga Bjarnadóttir  
2011 Guðmundur Sigurðsson  
2018 Rósa Marinósdóttir

### GULLMERKI ÍSÍ

1982 Ófeigur Gestsson  
2002 Einar B. Jónsson  
2002 Albert Guðmundsson  
2002 Sigríður Guðmundsdóttir  
2002 Ingimundur Ingimundarson  
2011 Guðmundur Sigurðsson



## Viðurkenningar til sjálfbodaliða

### STARFSMERKI UMFÍ

1971 Kristófer Þorgeirsson  
1975 Bjarni Valtýr Guðjónsson  
1975 Ingimundur Ingimundarsson  
1975 Jón G. Guðbjörnsson  
1977 Gunnlaugur Árnason  
1978 Bjarni G. Sigurðsson  
1978 Diðrik Jóhannsson  
1980 Bjarni Skarphéðinsson  
1980 Vigfús Pétursson  
1982 Ófeigur Gestsson  
1982 Helgi Bjarnason  
1983 Gísli V. Halldórsson  
1986 Þiðrik Baldvinsson  
1989 Sigríður Þorvaldsdóttir  
1989 Jón Þórisson  
1993 Einar Ole Pedersen  
1994 Þorvaldur Jónsson  
1995 Guðmundur Sigurðsson  
1997 Kristmar J. Ólafsson  
1997 Jóna Björg Kristinsdóttir  
1997 Ármann Bjarnason  
1997 Steinunn Garðarsdóttir  
1998 Einar Kristján Jónsson  
1999 Rósa Marinósdóttir  
2001 Ásdís Helga Bjarnadóttir  
2002 Þórður B. Bachmann  
2002 Guðjón Guðmundsson  
2002 Kristín Gunnarsdóttir  
2006 Torfi Jóhannesson  
2008 Veronika Sigurvinsdóttir  
2008 Álfheiður Marinósdóttir  
2009 Jóhann Pálsson  
2010 Sólrún Halla Bjarnadóttir  
2011 Helgi Björn Ólafsson  
2012 Eyjólfur Hjálmsson  
2012 Agnes Guðmundsdóttir  
2012 Friðrik Aspelund  
2015 Stefán Logi Haraldsson  
2016 Pálmi Ingólfsson  
2017 Íris Grönfeldt  
2018 Kristján Gíslason  
2018 Flemming Jessen



# Stjórn UMSB 1912 – 2019

## SAMBANDSSTJÓRAR UMSB

|                           |                   |                               |
|---------------------------|-------------------|-------------------------------|
| Páll Zóphóníasson         | Hvanneyri         | 1912-1913,1914-1915,1916,1917 |
| Jón Hannesson             | Deildartungu      | 1913-1914,1917-1918           |
| Andrés Eyjólfsson         | Síðumúla          | 1915-1916                     |
| Guðmundur Jónsson         | Hvítárþakka       | 1918-1919                     |
| Kristinn Guðmundsson      | Hvanneyri         | 1919-1920                     |
| Jóhannes Jónsson          | Efranesi          | 1920-1921                     |
| Björn Guðmundsson         | Eyri Flókadal     | 1921-1922                     |
| Kristján Guðmundsson      | Indriðastöðum     | 1922-1923                     |
| Magnús Jakobsson          | Snældubeinsstöðum | 1923-1924                     |
| Jón Guðmundsson           | Borgarnesi        | 1924-1926                     |
| Friðrik Þorvaldsson       | Borgarnesi        | 1926-1934                     |
| Þorgils Guðmundsson       | Reykholti         | 1934-1936                     |
| Þorsteinn Jósefsson       | Signýjarstöðum    | 1936-1937                     |
| Friðrik Þórðarson         | Borgarnesi        | 1937-1938                     |
| Halldór Sigurðsson        | Borgarnesi        | 1938-1943                     |
| Þorgils Guðmundsson       | Reykholti         | 1943-1944                     |
| Björn Jónsson             | Deildartungu      | 1944-1947,1952-1954           |
| Haukur Jörundarson        | Hvanneyri         | 1947-1950                     |
| Snorri Þorsteinsson       | Hvassafelli       | 1954-1958                     |
| Ragnar Olgeirsson         | Oddsstöðum        | 1958-1962                     |
| Þorsteinn Sigurðsson      | Brúarreykjum      | 1962-1964                     |
| Guðmundur Sigurðsson      | Borgarnesi        | 1964-1967                     |
| Vilhjálmur Einarsson      | Reykholti         | 1967-1973                     |
| Jón G Guðbjörnsson        | Lindarholli       | 1973-1975                     |
| Hjörtur Þórarinnsson      | Kleppjárnsreykjum | 1975-1976                     |
| Ófeigur Gestsson          | Hvanneyri         | 1976-1978,1980-1982           |
| Eiríkur Jónsson           | Kleppjárnsreykjum | 1978-1979                     |
| Kristófer M Kristinsson   | Reykholti         | 1979-1980                     |
| Þuríður Jóhannsdóttir     | Jaðri             | 1982-1983                     |
| Þórir Jónsson             | Reykholti         | 1983-1985                     |
| Kristján F Axelsson       | Bakkakoti         | 1985-1986                     |
| Sigríður Þorvaldsdóttir   | Hjarðarholti      | 1986-1989                     |
| Einar Ole Pedersen        | Álftártungukoti   | 1989-1990,1991-1998           |
| Ásmundur Ólafsson         | Borgarnesi        | 1990-1991                     |
| Ásdís Helga Bjarnadóttir  | Hvanneyri         | 1998-2002                     |
| Torfi Jóhannesson         | Hvanneyri         | 2002-2006                     |
| Jóhanna Erla Jónsdóttir   | Borgarnesi        | 2006-2008                     |
| Friðrik Aspelund          | Hvanneyri         | 2008-2012                     |
| Sigurður Guðmundsson      | Borgarnesi        | 2012-2016                     |
| Sólrun Halla Bjarnadóttir | Hvanneyri         | 2016-2018                     |
| María Júlía Jónsdóttir    | Borgarnesi        | 2018-2019                     |

## GJALDKERAR UMSB

|                            |                   |                      |
|----------------------------|-------------------|----------------------|
| Gunnlaugur Brím            | Reykholti         | 1922-1923            |
| Kristján Guðmundsson       | Indriðastöðum     | 1923-1924            |
| Páll J Blöndal             | Stafholtsey       | 1924-1935            |
| Ásmundur Jónsson           | Deildartungu      | 1935-1944            |
| Kristleifur Jónsson        | Varmalæk          | 1944-1945            |
| Bogi Þórðarson             | Borgarnesi        | 1945-1947            |
| Þorsteinn Helgason         | Borgarnesi        | 1947-1949            |
| Jón Einarsson              | Borgarnesi        | 1949-1950            |
| Þorsteinn Helgason         | Borgarnesi        | 1950-1952            |
| Jón Einarsson              | Kletti            | 1952-1954            |
| Sigurður Guðbrandsson      | Borgarnesi        | 1954-1956            |
| Bjarni Helgason            | Laugalandi        | 1956-1961            |
| Guðlaugur Torfason         | Hvammi            | 1961-1964            |
| Davíð Pétursson            | Grund             | 1964-1966            |
| Friðjón Árnason            | Kistufelli        | 1966-1968            |
| Óttar Geirsson             | Hvanneyri         | 1968-1972            |
| Ófeigur Gestsson           | Hvanneyri         | 1972-1976            |
| Eiríkur Jónsson            | Kleppjárnsreykjum | 1976-1978            |
| Helgi Bjarnason            | Borgarnesi        | 1978-1980            |
| Pálmi Ingólfsson           | Hálsum            | 1980-1982            |
| Þorkell Fjeldsteð          | Ferjukoti         | 1982-1985            |
| Sigurborg Viggósdóttir     | Rauðanesi         | 1985-1986            |
| Guðrún Sigurjónsdóttir     | Glitstöðum        | 1986-1988            |
| Jónína Pálsdóttir          | Borgarnesi        | 1988-1989            |
| Finnur Ingólfsson          | Borgarnesi        | 1989-1990            |
| María Jóna Einarsdóttir    | Borgarnesi        | 1990-1991            |
| Jóna Björg Kristinsdóttir  | Lindási           | 1991-1994            |
| Kristín Finndís Jónsdóttir | Borgarnesi        | 1994-1996            |
| Anna Steinssen             | Borgarnesi        | 1996-1998            |
| Hekla Gunnarsdóttir        | Borgarnesi        | 1998-2000            |
| Guðmundur Sigurðsson       | Hvanneyri         | 2000-2006, 2007-2010 |
| Bragi Axelsson             | Bifröst           | 2006-2007            |
| Elva Jónmundsdóttir        | Arnþórsholti      | 2010-2012            |
| Kristín Gunnarsdóttir      | Lundi             | 2012-2015            |
| Elva Pétursdóttir          | Borgarnesi        | 2015-2018            |
| Sigríður Bjarnadóttir      | Borgarnesi        | 2018-                |

## RITARAR UMSB

|                                |                   |           |
|--------------------------------|-------------------|-----------|
| Ari Guðmundsson                | Skálpastöðum      | 1922-1926 |
| Leifur Ásgeirsson              | Reykjum           | 1926-1928 |
| Ingibjörg G Björnsson          | Borgarnesi        | 1928-1929 |
| Jón Sigurðsson                 | Skíðsholtun       | 1929-1933 |
| Jónas Ólafsson                 | Stafholti         | 1933-1935 |
| Daníel Kristjánsson            | Hreðavatni        | 1935-1936 |
| Ásmundur Jónsson               | Borgarnesi        | 1936-1938 |
| Gestur Kristjánsson            | Hreðavatni        | 1938-1942 |
| Ingimundur Ásgeirsson          | Reykjum           | 1942-1945 |
| Þórður Kristjánsson            | Hreðavatni        | 1945-1947 |
| Jón Þórisson                   | Reykholti         | 1947-1949 |
| Magnús Sigurðsson              | Gilsbakka         | 1949-1955 |
| Sigmundur Einarsson            | Kletti            | 1955-1956 |
| Þorsteinn Pétursson            | Miðfossu          | 1956-1957 |
| Þórður Einarsson               | Kletti            | 1957-1959 |
| Bjarni Guðráðsson              | Nesi              | 1959-1961 |
| Guðmundur Þorsteinsson         | Skálpastöðum      | 1961-1965 |
| Jón F Hjartarson               | Borgarnesi        | 1965-1967 |
| Kristján Benediktsson          | Víðigerði         | 1967-1969 |
| Sigurður B Guðbrandsson        | Borgarnesi        | 1969-1971 |
| Jón G Guðbjörnsson             | Lindarhvoli       | 1971-1973 |
| Sigmundur Hermannsson          | Andakílsárvírkjun | 1973-1975 |
| Erla Kristjánsdóttir           | Stóru Skógum      | 1975-1977 |
| Birgir Karlsson                | Leirárskóla       | 1977-1979 |
| Haukur Ingibergsson            | Bífröst           | 1979-1981 |
| Bjarni Guðmundsson             | Hvanneyri         | 1981-1983 |
| Þórólfur Sveinsson             | Ferjubakka        | 1983-1985 |
| Sigríður Þorvaldsdóttir        | Hjarðarholti      | 1985-1986 |
| Þórarinn Pálmi Jónsson         | Borgarnesi        | 1986-1987 |
| Gísli Einarsson                | Ásbrún            | 1987-1989 |
| Brynjólfur Guðmundsson         | Hlöðutúni         | 1989-1991 |
| Sigríður V Finnbogadóttir      | Borgarnesi        | 1991-1993 |
| Kristín Finndís Jónsdóttir     | Borgarnesi        | 1993-1994 |
| Ingimundur Ingimundarson       | Borgarnesi        | 1994-1995 |
| Valdimar K Sigurðsson          | Borgarnesi        | 1995-1997 |
| Þuríður Jóhannsdóttir          | Borgarnesi        | 1997-2001 |
| Harpa Kristjánsdóttir          | Hrafnabjörgum     | 2001-2002 |
| Helga Karlsdóttir              | Borgarnesi        | 2002-2005 |
| Guðrífur Ebba Pálsdóttir       | Borgarnesi        | 2005-2010 |
| María Hlín Eggertsdóttir       | Lækjarmel         | 2010-2013 |
| Þórhildur María Kristinsdóttir | Reykholtsdal      | 2013-2015 |
| Sólrun Halla Bjarnadóttir      | Hvanneyri         | 2015-2016 |
| Þórkatla Þórarinsdóttir        | Borgarnesi        | 2016-2017 |
| Kristín Gunnarsdóttir          | Lundi             | 2017-2019 |

## MEDSTJÓRNENDUR UMSB

|                                |                 |           |
|--------------------------------|-----------------|-----------|
| Jón Hannesson                  | Deildartungu    | 1912-1913 |
| Andrés Eyjólfsson              | Síðumúla        | 1912-1914 |
| Bjarni Ásgeirsson              | Knarrarnesi     | 1913-1915 |
| Jón Hannesson                  | Deildartungu    | 1914-1916 |
| Páll Zóphóníasson              | Hvanneyri       | 1915-1916 |
| Guðmundur Jónsson              | Hvítarbakka     | 1916-1917 |
| Sigurður Sigurðsson            |                 | 1916-1917 |
| Páll Zóphóníasson              | Hvanneyri       | 1917-1920 |
| Jón Hannesson                  | Deildartungu    | 1918-1919 |
| Vígfús Guðmundsson             | Borgarnesi      | 1919-1920 |
| Kristinn Guðmundsson           | Hvanneyri       | 1920-1921 |
| Steingrímur Steinþórsson       | Hvanneyri       | 1920-1921 |
| Sigurður Snorrason             | Laxfossi        | 1921-1922 |
| Magnús Jakobsson               | Varmalæk        | 1921-1922 |
| Jón Þórisson                   | Reykholti       | 1944-1947 |
| Guðmundur Eggertsson           | Litlakroppi     | 1944-1945 |
| Arinbjörn Magnússon            | Borgarnesi      | 1945-1947 |
| Björn Jónsson                  | Deildartungu    | 1947-1950 |
| Ellert Finnbogason             | Hvanneyri       | 1947-1950 |
| Stefán Halldórsson             | Borgarnesi      | 1950-1952 |
| Þórður Kristjánsson            | Hreðavatni      | 1950-1958 |
| Hörður Jóhannesson             | Borgarnesi      | 1952-1953 |
| Snorri Þorsteinsson            | Hvassafelli     | 1953-1954 |
| Haraldur Sigujónsson           | Hvanneyri       | 1954-1956 |
| Sigurður B Guðbrandsson        | Borgarnesi      | 1956-1958 |
| Geir Björnsson                 | Borgarnesi      | 1958-1962 |
| Sveinbjörn Beinteinsson        | Draghálsi       | 1958-1961 |
| Bjarni Helgason                | Laugalandi      | 1961-1967 |
| Georg Hermannsson              | Borgarnesi      | 1962-1964 |
| Friðjón Sveinbjörnsson         | Borgarnesi      | 1964-1966 |
| Sigurður R Guðmundsson         | Leirá           | 1966-1974 |
| Sveinn Jóhannesson             | Flóðatanga      | 1967-1971 |
| Gísli V Halldórsson            | Borgarnesi      | 1971-1973 |
| Guðmundur Þ Brynjúlfsson       | Borgarnesi      | 1973-1975 |
| Klemenz Halldórsson            | Dýrastöðum      | 1975-1979 |
| Ingibjörg Daníelsdóttir        | Fróðastöðum     | 1979-1981 |
| Pétur Diðriksson               | Helgavatni      | 1981-1982 |
| Birgir Guðmundsson             | Borgarnesi      | 1982-1984 |
| Finnbogi Leifsson              | Hítardal        | 1984-1986 |
| Einar Ole Pedersen             | Álftártungukoti | 1986-1988 |
| Hallgrímur Jónsson             | Gröf            | 1988-1989 |
| Gísli Sverrisson               | Hvanneyri       | 1989-1991 |
| Einar K Jónsson                | Saurbæ          | 1991-1992 |
| Guðrún Sigurjónsdóttir         | Glitstöðum      | 1992-1993 |
| Ásdís Helga Bjarnadóttir       | Hvanneyri       | 1993-1996 |
| Erla Gunnlaugsdóttir           | Laugalandi      | 1996-2001 |
| Sigmar Gunnarsson              | Rauðanesi       | 2001-2009 |
| Veronika Sigurvinsdóttir       | Borgarnesi      | 2009-2011 |
| Aðalsteinn Símonarson          | Borgarnesi      | 2011-2015 |
| Þórhildur María Kristinsdóttir | Reykholtisdal   | 2015-2017 |
| Anna Dís Þórarinsdóttir        | Reykholtisdal   | 2017-2019 |

## VARASAMBANDSSTJÓRI

|                           |                  |           |
|---------------------------|------------------|-----------|
| Gísli V Halldórsson       | Borgarnesi       | 1974-1978 |
| Jón Gíslason              | Lundi            | 1978-1979 |
| Bjarni Guðmundsson        | Hvanneyri        | 1979-1980 |
| Helgi Bjarnason           | Borgarnesi       | 1980-1982 |
| Pétur Diðriksson          | Helgavatni       | 1982-1983 |
| Þuríður Jóhannsdóttir     | Jaðri            | 1983-1985 |
| Hallfreður Vilhjálmsson   | Kambshóli        | 1985-1987 |
| Björn Júlíusson           | Hvanneyri        | 1987-1988 |
| Einar Ole Pedersen        | Álftartungukoti  | 1988-1989 |
| Þorvaldur Jónsson         | Reykholti        | 1989-1990 |
| Guðrún Sigurjónsdóttir    | Glitstöðum       | 1990-1992 |
| Einar K Jónsson           | Saurbæ           | 1992-1996 |
| Þorsteinn Viggósson       | Borgarnesi       | 1996-2000 |
| Björn Bjarki Þorsteinsson | Borgarnesi       | 2000-2002 |
| Þórhildur Þorsteinsdóttir | Brekku           | 2002-2003 |
| Axel Vatnsdal             | Borgarnesi       | 2003-2004 |
| Júlíus Jónsson            | Borgarnesi       | 2004-2005 |
| Torfi Jóhannesson         | Hvanneyri        | 2006-2007 |
| Friðrik Aspelund          | Hvanneyri        | 2007-2008 |
| Berglind Long             | Hvanneyri        | 2008-2009 |
| Rósa Marinósdóttir        | Hvanneyri        | 2009-2012 |
| Ásgeir Ásgeirsson         | Stafholtstungum  | 2012-2015 |
| Guðrún Þórðardóttir       | Kleppjárnreykjum | 2015-     |





## Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2018

|      |                              |                                |
|------|------------------------------|--------------------------------|
| 1980 | Jón Diðriksson               | Frjálsar íþróttir              |
| 1981 | Einar Vilhjálmsson           | Frjálsar íþróttir              |
| 1982 | Íris Grönfeldt               | Frjálsar íþróttir              |
| 1983 | Einar Vilhjálmsson           | Frjálsar íþróttir              |
| 1984 | Einar Vilhjálmsson           | Frjálsar íþróttir              |
| 1985 | Íris Grönfeldt               | Frjálsar íþróttir              |
| 1986 | Íris Grönfeldt               | Frjálsar íþróttir              |
| 1987 | Íris Grönfeldt               | Frjálsar íþróttir              |
| 1988 | Íris Grönfeldt               | Frjálsar íþróttir              |
| 1989 | Margrét Brynjólfsdóttir      | Frjálsar íþróttir              |
| 1990 | Bergþór Ólafsson             | Frjálsar íþróttir              |
| 1991 | Íris Grönfeldt               | Frjálsar íþróttir              |
| 1992 | Ingi Valur Þorgeirsson       | Lyftingar                      |
| 1993 | Ingi Valur Þorgeirsson       | Lyftingar                      |
| 1994 | Sigmar H. Gunnarsson         | Frjálsar íþróttir              |
| 1995 | Sigmar H. Gunnarsson         | Frjálsar íþróttir              |
| 1996 | Sigmar H. Gunnarsson         | Frjálsar íþróttir              |
| 1997 | Halldóra Jónasdóttir         | Frjálsar íþróttir              |
| 1998 | Einar Trausti Sveinsson      | Frjálsar íþróttir              |
| 1999 | Kristín Þórhallsdóttir       | Frjálsar íþróttir              |
| 2000 | Einar Trausti Sveinsson      | Frjálsar íþróttir              |
| 2001 | Gauti Jóhannesson            | Frjálsar íþróttir              |
| 2002 | Sigurkarl Gústafsson         | Frjálsar íþróttir              |
| 2003 | Sigurkarl Gústafsson         | Frjálsar íþróttir              |
| 2004 | Gauti Jóhannesson            | Frjálsar íþróttir              |
| 2005 | Gauti Jóhannesson            | Frjálsar íþróttir              |
| 2006 | Tinna Kristín Finnbogadóttir | Skák                           |
| 2007 | Sigurður Þórarinnsson        | Körfubolti                     |
| 2008 | Bjarki Pétursson             | Golf                           |
| 2009 | Trausti Eiríksson            | Körfubolti                     |
| 2010 | Bjarki Pétursson             | Golf                           |
| 2011 | Bjarki Pétursson             | Golf                           |
| 2012 | Bjarki Pétursson             | Golf                           |
| 2013 | Konráð valur Sveinsson       | Hestaíþróttir                  |
| 2014 | Helgi Guðjónsson             | Knattspyrna /karfa og frjálsar |
| 2015 | Helgi Guðjónsson             | Knattspyrna                    |
| 2016 | Sigrún Sjöfn Ámundadóttir    | Körfuknattleikur               |
| 2017 | Máni Hilmarsson              | Hestaíþróttir                  |
| 2018 | Biarni Guðmann Jónsson       | Körfuknattleikur               |

# Ársskýrslur aðildarfélaga

## Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Árið 2018 var annasamt hjá félaginu og frá mörgu er að segja. Á vorönninni vorum við með æfingar fyrir allan aldur, á mánudögum fyrir skólahóp leikskólanna og upp í 4. bekk og svo á þriðjudögum fyrir 5.-7. bekk annars vegar og svo 8. bekk og upp úr strax á eftir. Einnig voru þrekæfingar á miðvikudögum fyrir 5. bekk og eldri. Reyndist það fyrirkomulag vel og var fjöldi á æfingum góður. Þjálfari var Unnur Jónsdóttir.

Í sumar voru æfingar á þriðjudags- og miðvikudagskvöldum og var mæting sæmileg. Einnig voru æfingar einu sinni í viku á Hvanneyri en þar hefði mætingin mátt vera betri.

Á haustönninni buðum við aftur upp á æfingar fyrir skólahóp og upp í 4. bekk á mánudögum, var það Hafrún Birta sem tók þann hóp að sér. Á þriðjudögum voru svo æfingar fyrir 5.-7. bekk og 8. bekk og upp úr. Fjöldinn í hópunum var heldur ójafn og færri en við hefðum viljað sem skráðu sig þennan veturinn svo ákveðið var að slá hópunum saman. Það hefur reynst vel og gaman er að geta boðið krökkunum svona rúman tíma sem gefur möguleika á mjög fjölbreyttum æfingum. Unnur Jónsdóttir sá um þessar æfingar. Hafrún Birta hefur stýrt þrekæfingum á miðvikudögum og hefur það gengið mjög vel.

Aðalfundur félagsins var haldinn á fyrstu mánuðum ársins og urðu breytingar á stjórn þær að Sigríður Sjöfn Helgadóttir hætti sem formaður eftir gott starf og Unnur Jónsdóttir kom inn í hennar stað, Sæunn Ósk Kjartansdóttir hélt áfram starfi sínu sem gjaldkeri, Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir tók að sér stöðu ritara og Harpa Rut Jónasdóttir og Hafrún Birta Hafliðadóttir tóku að sér að vera meðstjórnendur.

Starf *SamVest* sem frjálsíþróttafélagið hefur verið aðili að hefur verið minna en oft áður en þó var haldið *SamVest* mót á Skallagrímssvelli þann 9. júní og tókst það ágætlega en við hefðum viljað sjá fleiri þátttakendur en þeir voru 46 talsins.

Frjálsíþróttafélagið hélt einnig vormót og var það hugsað sérstaklega fyrir þá iðkendur sem stefndu að keppni á *Gautaborgarleikunum* til að ná lágmarkum fyrir mótið. Tókst mótið vel og tóku 63 keppendur þátt. Nokkuð óvænt kom talsvert af gestum til keppni á mótinu og var það skemmtileg tilbreyting. Hluti af þeim voru nokkrir af helstu kösturum landsins sem mættu sérstaklega á mótið til að reyna við lágmark á stórmót og eitt íslandsmet í kúluvarpi stúlkna 19 ára og yngri féll.

Kastararnir voru svo ánægðir með völlinn og aðstöðuna hjá okkur að þeir leituðu til okkar aftur í júlí og báðu okkur um að halda kastmót fyrir þá. Við urðum að sjálfsögðu við því og héldum sterkt kastmót þann 19. júlí. Á mótinu voru 13 keppendur og þar af einn frá okkur, Sigursteinn Ásgeirsson. Helstu úrslit mótsins voru þau að Thelma Lind Kristjánsdóttir frá *ÍR* sló íslandsmet kvenna í kringlukasti og kastaði 54,69 m.

Að lokum tók félagið að sér að halda *Bikarmót FRÍ*, það tók talsverða vinnu við undirbúning vallarins og áhalda. Það var talsvert vesen að halda mótið þar sem við eigum í fyrsta lagi ekki nógu margar grindahlaupsgrindur til að hægt sé að hlaupa á öllum brautum og í öðru lagi, og það sem reyndist í raun mesta vesenið, þá eru ekki til stangarstökkisdýnur í lagi á vellinum. Slíkar dýnur taka gífurlegt pláss á flutningabíl og eru mjög þungar. En þetta hafðist að lokum

og tókst framkvæmd mótsins vel. Það er aftur á móti ljóst að við munum ekki taka að okkur slíka framkvæmd aftur fyrr en þessi áhöld eru til taks.

Okkar iðkendur eru flestir börn og unglingar og hafa mismikinn áhuga á að taka þátt í keppni. Það væri gaman að sjá fleiri prófa að taka þátt í mótum en við leggjum ekki hart að þeim við það heldur gefum þeim þetta val.

Þeir iðkendur sem áhuga hafa á að keppa fóru á nokkuð af mótum og er þar helst hægt að nefna silfurleika *ÍR*, Meistaramótin bæði utan- og innanhúss, *Gaflarann*, *Bronsleikar ÍR* og fleiri. Stóðu þeir sig með mikilli þryði og flestir, ef ekki allir, hafa tekið nokkrum framförum á árinu. Talsverður fjöldi keppti á unglingslandsmóti *UMFÍ* um Verslunarmannahelgina og þrátt fyrir misgott veður stóðu þau sig mjög vel og áttum við talsvert af verðlaunahöfum.

Við fórum með lítinn hóp keppenda á *Gautaborgarleikana* í sumar og var það mjög skemmtileg ferð. Við fengum gífurlega gott veður og þótti sumum nóg um. Krakkarnir stóðu sig vel á mótinu og flestir náðu bætingum, auk þess að bæta heldur betur í reynslubankann.

Þetta hristi hópinn saman og virtist mikill áhugi fyrir að fara aftur eftir 2 ár, vonandi tekst að gera það að veruleika.

Félagið á í dag nokkra sterka keppendur og má þar helst nefna Sigurstein Ásgeirsson og Guðrúnu Karítas Hallgrímsdóttur sem bæði æfa hjá *ÍR* og eru meðal þeirra bestu á landinu í sínum aldursflokki í sínum greinum. Guðrún náði meðal annars lágmarkum inn í úrvalshóp *FRI* í bæði kringlukasti og sleggjukasti.

## Golfklúbbur Borgarness

### Í stjórn klúbbsins:

|               |                          |
|---------------|--------------------------|
| Formaður      | Ingvi Árnason            |
| Varaformaður  | Björgvin Óskar Bjarnason |
| Ritari        | Guðmundur Daníelsson     |
| Gjaldkeri     | Margrét Guðnadóttir      |
| Meðstjórnandi | Magnús Fjeldsted         |

### Inngangur

Að baki er 45. starfsár klúbbsins. Árið hafið sína sérstöðu eins og mörg önnur starfsár í sögu klúbbsins. Þetta var árið sem við fluttum „golfskálann“ úr *Hamarshúsinu* og niður á *Hótel Hamar*. Nokkuð djörf ákvörðun. Ekki var fyrir séð hvernig sambylí kyflinga og hótalgesta innan veggja hótelsins gengi. Hótelgestir sem hafa sínar væntingar um sinn gististað og kyflingar sem eru vanafastir og vilja hafa allt á hreinu þegar þeir mæta á völinn. En reynsla okkar af þessari breytingu er góð, breytingunni var vel tekið bæði af kyflingum og gestum hótelsins. Veðurfarslega var árið sérstakt, látlausar rigningar framanaf sumri með tilheyrandi samdrætti í tekjum, en þegar leið á sumarið stytta upp og aðsókn varð mjög góð, með því besta sem við höfum séð. *Hamarsvöllur* var „inn“. Völlurinn var í góðu ástandi miðað við aðstæður, en það var færslan niður á *Hótel Hamar* sem var punkturinn yfir „I“ -ið. Það kunnu gestir að meta.

### Rekstur golfklúbbsins

Eins og hefur verið nefnt á fyrri aðalfundum okkar er rekstur golfklúbba/golfvalla á Íslandi viðkvæmur fyrir veðri og vindum þó einnig komi til aðrar ytri aðstæður. Okkar markmið var

að hagræða í rekstri klúbbsins m.a. með viðhaldi og endurbótum á golfvöllinum til að gera hann auðveldari í hirðingu, endurnýja vélakosti okkar sem ekki getur beðið lengur og síðast en ekki síst að byggja upp eigið fé klúbbsins til að geta tekist á við blautu og mögru árin, sem alltaf koma öðru hvoru. Árið 2018 var eitt slíkt framanaf sumri og hrökk ekki lausafé okkar fyrir föstum útgjöldum. En um miðjan júlí fór að birta til og kylfingar fóru að streyma til okkar. Liður í þeirri aðsókn var ekki síst að þakka færslu skálans niður á *Hótel Hamar* eins og áður er nefnt.

Ekkert er að gerast í samningum við sveitarfélagið, mörg bréfa hafa verið skrifuð, margir fundir verið haldnir, en fátt er um svör. Bein fjárframlög sveitarfélagsins til rekstrarins á árinu 2018 eru kr. 0. Nú nýlega var sent bréf til Borgarbyggðar og áréttað um afgreiðslu erinda sem við höfum sent þeim, en þeim hefur ekki verið svarað á formlega. Í fundargerðum Bygðarráðs er að finna bókanir um þessi erindi.

Í fundargerð frá 1. júní 2017 er bókun um erindi okkar um 5,0 m.kr rekstrastyrk frá 4.12. 2016. Þar er farið út um víðan völl í rökstuðningi fyrir því að styrkja ekki þá starfsemi sem við rekum hér á *Hamri*. En ljósið í myrkrinu er í niðurlagi bókunarinnar, en þar segir:

*„Það er mat bygðarráðs að betri tenging golfvallarsvæðisins sem og við útivistarsvæðið í Einkunnum og starfssvæði Hestamannafélagsins Skugga við þéttbýlið sé mjög mikilvægt til þess að auka notkun og þar með styrkja grunn fyrir rekstri í kringum Hamar. Því samþykkir bygðaráð að hefja undirbúning göngu- og hjólareiðastígs frá Borgarnesi og upp á Hamarsvöll!“*

Ekkert bólar á göngustíg enn þá!

Nú þann 6. 12. 2018 var tekið fyrir erindi okkar frá 16.3.2018, vegna kostnaðar við færslu á Golfskála á *Hótel Hamar*, en því hafði áður verið frestað. Var okkur sendur tölvupóstur um afgreiðslu Bygðarráðs á erindinu, en þar segir:

*„Framlögð áður fram komin umsókn Golfklúbbs Borgarness um fjárhagslegan stuðning vegna framkvæmda á Hamarsvöllinum sem tengjast samstarfi golfklúbbsins og Hótel Hamars. Erindinu er hafnað að svo stöddu. Fyrirhugað er að forma reglur um framkvæmdastyrki til félagasamtaka þar sem verður auglýst eftir umsóknum á árinu 2019.“*

*GLE situr hjá við afgreiðslu málsins og vísar í fyrri bókun vegna þessa máls.“*

Við eru því enn í sömu stöðu og á síðasta ári með að „hagræða“ í rekstrinum eins og áætlað var í aðgerðaráætlun klúbbsins um fjárhagslega endurskipulagningu. Það er að auka hagkvæmi í hirðingu vallarsvæðisins.

- Endurnýjun véla og búnaðar, vélakostur er orðin gamall og úreltur.
- Gera endurbætur á vallarsvæðinu, ljúka endurbótum á gamla hluta vallarins.
- Þurrka upp blaut svæði.
- Grisjun trjáa, til að hægt sé að slá jaðarsvæði með vélum.
- Viðhald vallar. Aðrar aðgerðir til að halda í horfinu, endurnýjun gróðurs, aðgerðir gegn illgresi, s.s. Lúpínu og Skógarkerfils.

Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir 2018 var gert ráð fyrir 40,1 m.kr í tekjur og 37,1 m.kr í gjöld og 2,9 m.kr í hagnað. Niðurstaða var framar vonum, miðað við horfur á miðju sumri. Tekjur ársins voru 39,1 m.kr. Gjöld voru 33,6 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 5,5 m.kr.! Sem er mjög góð niðurstaða.

Þar er tvennt sem sker sig út: Lágur rekstrarkostnaður, sem er einstakur fyrir 18 holu golfvöll í þessum gæðaflokki. Og einstök velvild fjölmargra styrktaraðila sem hafa beinlínis bankað uppá hjá okkur og sagt „Ég vil fá að styrkja þennan frábæra golfvöll og það góða starf sem þar er unnið“

Nánar verður gerð grein fyrir rekstri klúbbsins hér á eftir þegar ársreikningur klúbbsins verður lagður fram.

### **Framkvæmdir, völlurinn**

Framkvæmdir á vallarsvæðinu á árinu tengdust fyrst og fremst færslu „golfskálans“ á *Hótel Hamar*. Breyta þurfti legu vallarins þannig að upphafs- og lokaholan yrðu við Hótelíð. Byggðir voru nýir teigar á 1. braut og á 12. braut. Nýir stígar voru lagðir að þessum teigum og svæðið við *Hótel Hamar* endurbyggt og aðlagð að nýjum „Golfskála“, gamall trjágróður var felldur á svæðinu og yngri tré flutt á svæðið og nýgræðingi plantað.

Ebba vann áfram að fegrun svæðisins með plöntun og grisjun trjáa, kurlu í trjábeð og með sínum fallegu blómabeðum. Fleiri og fleiri trjásvæði eru nú vel slátturhæf með vélum sem eykur ánægju kylfinga sem eru að villast af leið í höggum sínum.

Almenn ánægja var með völlinn miðað við aðstæður, en eins og nefnt hefur verið var þrálát vætutið að gera okkur erfitt fyrir með slátt. Völlurinn er viðkvæmur fyrir bleytu, nokkuð sem er aðkallandi að ráða bót á með betri framræslu.

### **Starfsmannamál**

Jóhannes framkvæmdastjóri var áfram með vallarumsjón, en törnin byrjað strax í mars hjá honum við breytingar á vellinum vegna færslu „golfskálans“, í fyrstu undirbúningur og síðan framkvæmdir sem voru nokkuð umfangsmiklar.

Samtals voru 7 launaðir starfsmenn að störfum í sumar:

Jóhannes Ámannsson. Framkvæmdastjóri og vallastjóri.

Guðbrandur Magnússon, bifvélavirki sem sá um að halda gömlu vélunum okkar gangandi. Þegar hann var ekki í viðgerðum á vélum vann hann sem vallarstarfsmaður.

Vallarstarfsmenn: Andrés Kristjánsson, Arnar Smári Bjarnason, Ásmundur Guðmundsson, Heiðar Sindrason og Heimir Smári Sindrason, Hilmar Elís Hilmarsson, Marvin Nindel.

Sjálfboðaliðar og hlutastarfsmenn voru einnig að stöfum hjá okkur eins og fyrri ár. Björgvin Óskar Bjarnason var áfram fulltrúi Jóhannesar á skrifstofunni og sinnti daglegum störfum framkvæmdastjóra ásamt því að vera mótsstjóri klúbbsins eins og undanfarin ár. Bergsveinn Símonarson var að vinna ýmis störf á útisvæðum. Sérstakar þakkir færum við Þórhalli Teitssyni sem má segja að hafi haldið til á *Hamri*, var þar flesta daga vikunnar við hirðingu vallarins, slátt og önnur tilfallandi verkefni. Ebba var á sínum stað, að grisja, kurla, planta, skreyta og fegra. Það er ekki lítið sem þessir starfsmenn hafa lagt til klúbbsins, hafa gefið vinnu sína meira og minna. Án þeirra væri þetta ekki hægt. Þessum starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, vil ég færa bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Sérstakar þakkir vil ég færa Jóhannesi fyrir framlag hans. Hann hefur haldið rekstrarkostnaði klúbbsins niðri síðustu árin og á sama tíma gert völlinn að einum þeim besta í landinu.

### **Mótahald**

Skráð mót á *Hamarsvelli* sumarið 2018 voru 37. Mót hópa/fyrirtækja 16. Á vegum klúbbsins voru haldin 17 innanfélagsmót og 3 almenn opin mót. Klúbburinn sá um að halda 1 *GSÍ* mót. Íslandsmót golfklúbba – eldri kylfinga 2. og 3. deild karla.

Tekjur af mótahaldi lækkuðu á milli ára úr 4,9 m.kr. í 3,5 m.kr.

### **Fjöldi félaga, tekjur af félags-, vallar- og mótagjöldum**

Félögum klúbbsins fjölgaði um 7 frá fyrra ári, eru nú 178. Tekjur af félags-, vallar- og mótagjöldum eru nú samtals 25,5 m.kr. Voru 24,9 m.kr. á síðasta ári, hafa hækkað um 0,6 m.kr.

### **Árangur félaga GB á árinu**

Arnór Tumi Finnsson og Lóa Dista Jóhannsdóttir klúbbmeistarar árið 2018.

Íslandsmót Golfklúbba fór fram í ágúst. Tvær sveitir tóku þátt í keppninni í ár.

Sveit karla keppti í 3. deild sem fram fór á Norðfirði, 10.-12. ágúst.

Sveitin hafnaði í 3. sæti og leikur áfram í 3. deild að ári.

Sveit öldunga í karlaflokki keppti í 2. deild sem fram fór á *Hamarsvelli* dagana 17.-19. ágúst.

Sveitin hafnaði í 2. sæti, sem er glæsilegur árangur og tekur sæti í 1. deild að ári. „Vel gert!“

### **Golfkennsla**

Magnús Birgisson annaðist áfram golfkennslu hjá okkur. Fastar æfingar hjá öllum hópum kylfinga sem setti mark sitt á færni kylfinga. Barna- og unglíngastarf heldur áfram af fullum krafti undir stjórn Magnúsar og unglínganefndar. Mikilvægt er búa vel að ungvíðinu, því þeirra er framtíðin.

### **Inniaðstaða „Eyjan“**

„Eyjan Inniaðstaða“ var vel nýtt s.l. vetur, sérstaklega af eldri borgurum og mættu þar um 20 manns að jafnaði tvisvar í viku. 17 þúttmót voru haldin á vegum *GB*. Skipulagðar golfæfingar voru hjá ungmennum undir handleiðslu Magnúsar Birgissonar. Golfhermirinn var til staðar og nýttu 3 hópar hann til reglulega æfinga/keppni.

### **Samstarfsaðilar**

Svo sem fram hefur komið voru gerðar breytingar á rekstri golfskálans. Sú hugmynd kom upp að flytja „golfskálann“ þ.e. veitingar og afgreiðslu inn á golfvöllinn á *Hótel Hamar*. Þessari hugmynd var fyrst hreyft fyrir allmörgum árum af Guðmundi Friðrik Sigurðssyni, þáverandi formanns mótnefndar *GSÍ*, þegar kom til tals hvort *Golfklúbbur Borgarness* gæti tekið að sér Íslandsmótið í högggleik á afmælisári sínu árið 2023. Eitt af þeim skilyrðum sem sett voru fram var að öll aðstaða væri flutt á *Hótel Hamar* og völlurinn væri settur upp miða við það. En það sem knúði þetta nú er fyrst og fremst ástand *Hamarshússins*, sem er ekki boðlegt lengur til að taka á móti gestum okkar. Síðastliðinn vetur tók Jóhannes framkvæmdastjóri þetta upp og var hugmyndin tekin fyrir og rædd á aðalfundi klúbbsins 2017. Eftir umræður var samþykkt að stjórnin ynni áfallinu og boðað yrði til félagsfundar um málið þegar mótuð tillaga lægi fyrir. Unnið var að málinu um veturinn og var Edvin Roald golfvallarhönnuður fengin til að hanna breytingar á teigum og göngustígum að svæðinu. Sigurður Ólafsson hóteltjóri hafði hafið viðbyggingu við hótelið og látið hanna útissvæði við fyrir kylfinga. Þegar samningur milli *GB* og *Hótel Hamars* um breytinguna á lág fyrir var boðað til félagsfundar þann 22. maí. Breytingarnar voru kynntar félögum og að loknum umræðum var samningurinn lagður fram til samþykktar. Almenn ánægja var með þessa breytingu og var samningurinn samþykktur samhljóða.

Þegar til baka er litið er ekki hægt að segja annað en að þessi breyting hafi verið góð í alla staði. Kylfingar sem sækja okkur heim eru mjög ánægðir, fyrsta flokks aðstaða til veitinga, góð þjónusta, fallegt umhverfi við Hótelið og einstakt útsýni til fjalla. Svo vitnað sé í ummæli gesta „Þetta er bara eins og að vera í útlöndum að koma hingað að *Hamri*“. Og þessu til staðfestingar

er að tekjur af vallargjöldum hækkuðu á milli ára, þrátt fyrir mikla vætutíð framan af sumri. „Staðurinn er inn“.

Ég vil þakka Sigurði Ólafssyni fyrir að bjóða okkur inn til sín á *Hótel Hamar* og stofna þar með fyrsta „Golf Resort“ á Íslandi, sem á eftir að verða mikil lyftistöng fyrir rekstur golfklúbbsins í framtíðinni. Ég vil þakka starfsfólki *Hótel Hamars* fyrir frábæra þjónustu, góðar veitingar og gott viðmót við golfgesti okkar.

### **Lokaorð**

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbs Borgarness. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum.

Lokið er 45. starfsári okkar og aðeins eru 5 ár í 50 ára afmæli klúbbsins. Tíminn líður hratt!

Að afloknu þessu starfsári hef ég ákveðið að stíga til hliðar, að gefa ekki kost á mér til formennsku lengur í *Golfklúbbi Borgarness*. Ég hef setið þann stól í 10 ár og tel að nú sé komið nóg. Ég hef verið félagi í *Golfklúbbi Borgarness* frá 1975, með einu 3 ára hléi. Hef komið að ýmsum störfum fyrir klúbbinn á þessum tíma og verið þess aðnjótandi að starfa með mörgum félögum klúbbsins á þessum tíma, félögum sem allir hafa borið vöxt og viðgang klúbbsins fyrir brjósti og gert þennan klúbb að því sem hann er í dag. Það hefur bara veitt mér ánægju starfa í þessum klúbb. Ég vil þakka stjórnarmönnum og félögum klúbbsins bæði fyrr og nú fyrir ánægjulegt samstarf með ósk um að bæði vöxtur og viðgangur klúbbsins haldi áfram um ókomna tíð.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Ingvi Árnason

## Golfklúbburinn Glanni

*Golfvöllurinn Glanni* var loks opnaður laugardaginn 2. júní 2018 eftir frestun, vegna þess hversu kalt hafði verið í veðri. Golfskálinn var opnaður um leið og golfvöllurinn og þá mætti veitingamaðurinn í Munaðarnesi sem sá um reksturinn í sumar.

Ráðinn var einn starfsmaður á völlinn í fullt starf og svo réðum við annan starfsmann frá Spáni í hlutastarf í fimm vikur, hann bjó á Bifröst og spilaði fótbolta með *Skallagrími*. Eins fengum við einn ungling frá unglingavinnunni til okkar í tvær vikur. Kalt og blautt var í maí, júní og júlí. Vegna bleytu var erfitt að slá völlinn og grasflatir við sumarbústaði, reyndi það mikið á starfsmenn og tækjakostinn okkar. Vegna kulda og bleytu til að byrja með var lítil umferð á völlinn og eins hafði heimsmeistaramótið í fótbolta áhrif á heimsóknir. Fækkun var á spiluðum golfhringjum í sumar og tekjurnar því mun minni en samt skilaði reksturinn í lok árs smá hagnaði. Geta má þess að stjórnarmenn og nefndarmenn vinna mikla sjálfböðavinnu fyrir klúbbinn og reksturinn myndi aldrei ganga svona vel nema með þeirra vinnu.

Tvö golfmót voru haldin á golfvellinum, fyrra mótið var *Opna Glanna mótið* haldið laugardaginn 11. ágúst. Seinna mótið sem var innanfélagsmót var haldið 22. september. Keppnisfyrirkomulag var 9 holu *Texas Scramble*. Að móti loknu var boðið upp á veitingar. Félagsmenn sem tóku þátt í mótinu gátu tekið með sér gesti.

Keyptur var traktor *Massey Ferguson* árgerð 1975, ýmislegt þurfti að laga svo hann yrði vel nothæfur. Einnig var sanddreifari keyptur sem er tengdur við litla sláttur traktorinn og að lokum keyptum við loftdælu fyrir gesti til að blása óhreinindi af kerrum og golfskóm. Endurnýja þurfti vatnskрана á stofnæð sem brotnaði í vor. Svo var ákveðið að leggja rafmagnskapall út í gámana frá golfskálanum og mun það bæta alla aðstöðu í gámunum. Við byrjuðum svo að setja upp sandþró sem verður kláruð núna í vor.

Aðalfundur var haldinn 27. nóvember 2018. Sama stjórn gaf kost á sér aftur. Í stjórn eru Snorri Þórðarson, formaður, Garðar Hilmarsson, varaformaður, Viðar Þorsteinsson, gjaldkeri, Jónas Magnússon, ritari, Kolbeinn Pálsson, meðstjórnandi og Jón Freyr Jóhannsson, varamaður.

Vonandi verður komandi golfsumar betra því ekki megum við við því að fá annað eins sumar og í fyrra. Undirbúningur er kominn á fullt fyrir næst golfsumar, erum að undirbúa ráðningar starfsmanna á völlinn og margt annað sem þarf að gera.

Kveðja, f.h. Golfklúbbsins Glanni

Snorri Þórðarson, formaður.



## Golfklúbburinn Skrifla

Markmið og tilgangur *GSR* á hverjum tíma er að efla áhuga fólks á golfþróttinni og að vinna að framgangi hennar í héraði með því m.a. að efla aðstöðu til golfiðkunar og halda golfmót á vegum félagsins.

Ein af stöðum félagsins er að styrkja rekstur *Reykholtsdalsvallar*. Það hefur gert samning við eigendur golfvallarins um heimili klúbbsins og fyrirgreiðslu í *Golfskálanum Byrgishóli* að Nesi í Reykholtssdal, réttindi og aðgang félagsmanna að vellinum hverju sinni. Félagið er aðili að Golfsambandi Íslands.

Fullgildir félagar voru 13 á starfsárinu. Það ber að geta þess að ungliðar 20 ára og yngri eru ekki gjaldskyldir séu þeir skráðir félagar í klúbbum.

Starfsemi félagsins var hefðbundin á árinu. Á uppstigningardag, 10. maí, komu félagar saman í Nesi til að aðstoða við að gera völlinn kláran fyrir sumarið. Tíðin framan af vori var frekar köld og sumarið vætusamt en völlurinn var í góðu ástandi. Haldin voru 2 mót á vegum félagsins:

*Opna Nes mótið* var haldið 28. júlí og var fyrirkomulagið punktakeppni m/forgjöf. Þátttaka var góð, alls 19 þátttakendur og sigurvegari mótsins var Vilhjálmur Hafsteinsson, í öðru sæti var Ingrid Svensson og í þriðja sæti Magnús Sigurðsson.

Nándarverðlaun hlutu Kolbrún Thorlacius á 8. holu og Magnús Sigurðsson á 5 holu. Þá fengu allir þátttakendur útdráttarverðlaun.

Mótið var jafnframt meistaramót *Golfklúbbsins Skriflu*. Meistari í karlaflokki er Vilhjálmur Hafsteinsson og meistari í kvennaflokki er Ingrid Svensson.

Í hléi milli hringja var vígt listaverk eftir Pál Guðmundsson frá Húsafelli. Þetta er jötunninn Ýmir sem er verndari golfvallarins í Nesi. Í athöfninni færði Páll listaverkið að gjöf til Bjarna Guðráðssonar í Nesi fyrir framlag hans til lista og menningar í héraðinu.

Hið árlega *Snorramót* fór fram á golfvellinum í Nesi laugardaginn 25.

ágúst í blíðskaparveðri. Þátttakendur voru 14 talsins og voru úrslit þessi: Í fyrsta sæti Magnús Sigurðsson, í öðru sæti Vilhjálmur Hafsteinsson og í þriðja sæti Egill Hafsteinsson.

Nándarverðlaun hlutu Ingrid Svensson á 8. holu og Magnús Sigurðsson á 5. holu. Þá fengu allir þátttakendur útdráttarverðlaun.

Magnús Sigurðsson  
Formaður stjórnar Skriflu.



## Ungmennafélagið Dagrenningur

Haldinn var aðalfundur 23. febrúar þar sem kosin var ný stjórn og nefndir. Til að ganga endanlega frá bókhaldi félagsins þurfti að halda auka aðalfund. Haldnir voru þrír stjórnarfundir, sá seinasti með varastjórn.

Ákveðið var á árinu að setja á staðfestingargjald á húsaleigu hússins til að tryggja útileiguna. Að setja á staðfestingargjald var góð lausn og varð innkoma sumarsins með ágætum.

Auglýst var staða um þrif á samkomuhúsinu seinasta sumar og sótti Jasmín Þórarinsdóttir um stöðuna og vil ég þakka henni fyrir þau störf.

Hugur var hjá stjórn að gera við vegg samkomuhússins en ekki tókst að fá múrara í það verk síðastliðið sumar.

Eldhúsið var tekið gegn, skipt um borð og epoxy efni sett á gólfið.

Safnað var félögum til að taka niður gömlu innréttinguna og setja upp þá nýju milli þess sem húsið var í notkun. Var þetta kröftugur hópur sem vann vel saman.

Að loknu verkinu voru grillaðar pylsur með tilheyrandi.

Stjórn ákvað að halda námskeið í fundarsköpum sem heitir „*Sýndu hvað í þér býr*” sem haldið var af Sabínu Steinunni Halldórsdóttur landsfulltrúa UMFÍ, var það námskeið bæði gagnlegt og skemmtilegt að mínu mati.

Stjórn ákvað einnig að endurnýja póstlistann en þrátt fyrir að hafa lagt vinnu í að safna póstföngum félagsmanna í nýja póstlistann voru enn þá einhverjir sem fengu aldrei póst frá ungmennafélaginu. Annars voru einnig sendar upplýsingar frá stjórn í gegnum *facebooksíðu* félagsins og dreifimiða þegar nálgædist fundi.

Stjórn félagsins vildi koma sterkt inn til að ýta undir forgangsröðun ljósleiðara hér í dalnum og kom upp sú hugmynd að halda íbúafund um ljósleiðara, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar og Guðmundur Daníelsson, ráðgjafi Borgarbyggðar í ljósleiðaraverkefninu mættu á fundinn, sem var vel heppnaður með góðri mætingu.

Í haust var keypt uppþvottavél fyrir eldhúsið.

Að lokum, vil ég þakka fyrir samstarf á árinu sem leið.

Sigurður Hannes Sigurðarsson, formaður.

## Hestamannafélagið Borgfirðingur

### Hestamannafélagið Borgfirðingur

Stofnað 16. janúar 2018

Stjórn félagsins sem kosin var á fyrsta aðalfundi Borgfirðings þann 16. janúar 2018 hefur verið þannig skipuð:

Þórdís Arnardóttir, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Marteinn Valdimarsson, gjaldkeri, Sigurþór Óskar Ágústsson, Björg María Þórsdóttir, Haukur Bjarnason og Guðrún Fjeldsted meðstjórnendur.

Stjórn Borgfirðings hefur á starfsárinu haldið 10 bókaða stjórnarfundum, auk óformlegra fundum stjórnarmanna með nefndum félagsins. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi og sambandsþing hjá UMSB. Í haust sátu 6 stjórnarmenn og formaður æskulýðsnefndar LH þing á Akureyri.

Stjórnin hóf starfsár sitt, að venju, á að fara yfir áherslur fyrir starfið fram undan og að vanda var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna, en þar er markmiðið að hver stjórnarmaður beri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda sé virkjað og þá um leið að viðkomandi stjórnarmaður sé tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta er liður í að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja sem best starf stjórnar við nefndir og starfsemina almennt í félaginu.

Starfsemi í nefndum var, eins og gjarnan verður, mismikil á starfsárinu og sumar nefndir félagsins hafa lítið látið til sín taka á árinu á meðan aðrar nefndir félagsins hafa haft í miklu að snúast og drifið áfram öflugt og gott starf í félaginu. Það mun verða vikið betur að starfi einstakra nefnda í skýrslunni hér á eftir.

Upplýsingagjöf til félagsmanna um viðburði og starfsemina hefur sem fyrr að mestu farið fram í gegnum Facebook síðu félagsins og póstlista. Unnið er að uppsetningu nýrrar heimasíðu og vonumst við til að geta opnað síðuna sem fyrst.

Mótahald var aðeins minna en áður hjá gömlu félögunum, haldin voru 2 vetrarmót í Faxaborg sem Kaupfélag Borgfirðinga styrkti myndarlega eins og undanfarin ár. Eins og í fyrra þá dróst þátttaka á þessum mótum saman á milli ára sem er ákveðið áhyggjuefni og alveg ljóst að tilkoma Vesturlandsdeildarinnar hefur haft veruleg áhrif á þessa mótariöð okkar í reiðhöllinni. Vetrarmótanefndin okkar hefur þetta í huga þegar kemur að því að skipuleggja mót vetrarins og finnur örugglega leiðir til að hefja þessi mót upp aftur og vekja áhuga á þeim. Skemmtinefnd félagsins hélt ísmót á Hvanneyri 14. febrúar sem heppnaðist mjög vel.

Þegar kom fram á sumar tóku síðan sumarmótin við, firmakeppnin var haldin 1. maí, Íþróttamót var haldið 13. maí. Gæðingamót Borgfirðings, sem jafnframt var úrtaka fyrir landsmót, var haldið 2. júlí. Þá var Bikarmót Vesturlands haldið af Dreyra samhliða Norðurlásmótinu og fór fram 18.-19. ágúst á Akranesi. Keppnisárinu var svo lokað með síðsumargleði félagsins sem haldin var að Stóra –Kroppi 25. Ágúst. Þar var keppt í góðhestakeppni með firmakeppnisniði og kappreiðum. Dagurinn endaði svo með grillveislu og vil ég koma fram sérstökum þökkum til Bryndísar og hennar fólks á Stóra – Kroppi fyrir gestrisnina.

Kostnaður við mótahald er alltaf að hækka og varla hægt að halda mót án þess að fá styrktaraðila til að styrkja okkur, skráningargjöld standa ekki undir kostnaði við dómara og verðlaun, eitthvað þarf að hugsa þessi mál upp á nýtt og finna leiðir til að láta þessi mót standa undir sér. Ekki má heldur gleyma félögum okkar sem vinna óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf á mótunum án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt.

Æskulýðsnefndin stóð að vanda fyrir fjölbreyttu starfi á árinu og stóð nefndin fyrir mörgum fjölbreyttum viðburðum á árinu. Boðið hefur verið upp á knapamerki fyrir börn, unglunga og

ungmenni í samstarfi grunnskólana í Borgarfirði og hestamannafélagsins Borgfirðings. Krakkar félagsins koma úr ýmsum áttum og því var boðið upp á knapamerkið á tveimur stöðum í héraðinu, knapamerkið var kennt í reiðhöllinni Faxaborg og á Skáney. Grunnskólinn í Borgarnesi býður krökkunum á elsta stigi skólans upp á að taka knapamerkið sem val áfanga í skólanum. Þórdís Fjeldsted reiðkennari kennir bóklega hluta námskeiðsins fyrir áramót í grunnskóla Borgarness, verklegi hlutinn er svo tekin í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi eftir áramót, krakkarnir sem sækja námskeiðið í Borgarnesi sjá um að koma með sína eigin hesta á námskeiðið. Að þessu sinni var kennt knapamerki 1 og 2 og voru alls níu krakkar sem tóku það í Borgarnesi. Á Skáney eru það reiðkennararnir Randi Holaker og Haukur Bjarnason sem sjá um knapamerkið fyrir krakkana sem koma úr grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Á Skáney er aðeins öðruvísi fyrirkomulag en í Borgarnesi, þar taka krakkarnir bæði bóklega og verklega áfangann að vori og er allt kennt uppi á Skáney. Boðið er upp á fyrir krakkana að leigja hesta á Skáney ef þau hafa ekki tök á því að koma með sinn eigin hest og er það fyrirkomulag mikið notað af þeim krökkum sem sækja knapamerki þangað. Á Skáney var kennt knapamerki 1, 2 og 3 og voru átján krakkar sem tóku þátt í námskeiðinu þar.

Þann 30. janúar var haldið keppisnámskeið fyrir vana og óvana í níu skipti, fengin var reiðkennarinn Bjarki Þór Gunnarsson. Átta krakkar voru skráðir á námskeiðið og þeim var skipt niður í fjóra tveggja manna hópa, krökkunum var skipt niður eftir því hversu vön þau voru og hvað það var sem þau huguðu að í sambandi við keppni. Bjarki prufaði hvern hest fyrir sig til þess að kynnast bæði hesti og knapa betur svo auðveldara væri að segja þeim til hvað það væri sem þyrfti að laga og hvernig þau ættu að gera það svo að hver og einn fengi sem mest út úr kennslunni. Fyrir hvert mót var tekin fyrir sú grein sem keppa átti í og hjálpaði Bjarki krökkunum að gera sig og hestana tilbúna fyrir mót.

Haldið var námskeið á Skáney þar sem börnum, unglingum og ungmennum var boðið að taka þátt, voru það aðalega börn sem skráð voru á námskeiðið og fengu þau hest og allt sem því fylgir að fara á bak í láni ásamt gistingu. Mæting var klukkan 16:00 föstudaginn 2. janúar, byrjað var á því að upplýsa börnin aðeins um það hvernig helgin myndi vera. Farið var svo í gistiaðstöðuna þar sem börnin komu sér fyrir og voru tveir til þrjár saman í herbergi, þegar búíð var að koma sér fyrir hittust öll börnin í stofunni þar sem mikið fjör var hjá þeim eins og alla aðra daga og þá var stofan sérstakur staður fyrir allt fjörið. Börnunum var svo skipt niður í tvo hópa fyrir reiðtíma, skipt var eftir aldri og færni barna svo allir fengju sem mest út úr kennslunni. Á Skáney eru ellefu til tólf hestar sem notaðir eru fyrir börnin og henta þeir hestar fyrir algera byrjendur jafnt og vana sem vilja læra meira. Öll þau hross sem eru notuð í reiðkennslu eru vel tamdir hestar sem eru frábærir reiðkennarar fyrir börnin. Á föstudagskvöldinu kom Edda dýralæknir og var með smá fyrirlestur fyrir börnin og þótti öllum það mjög skemmtilegt og spennandi. Mikið var um að vera hjá börnunum og var farið út að renna sér í snjónum, farið í fótbolta og körfubolta. Börnin lærðu einnig að þrifa, taka í sundur og setja aftur saman beisli, þau hjálpuðu einnig til við hirðingar og gjafir þar sem þau lærðu að hugsa um hest er meira en að ríða bara út. Á laugardeginum voru svo tveir reiðtímar ásamt nokkrum leikjum, hirðingum og gjöfum, á laugar dagskvöldinu mætti svo Ólafur Flosason og hélt smá fyrirlestur fyrir börnin sem fjallaði um allt frá útreiðum til keppna og sagði hann þeim einnig nokkrar íslenskar þjóðsögur. Á sunnudeginum fóru börnin svo í einn reiðtíma, klukkan 14:00 voru börnin svo sótt. Fóru allir mjög sáttir hem eftir mikið ævintýri, fjör og skemmtilega helgi á Skáney. Við hjá *hestamannafélaginu Borgfirðingi* erum heppin að hafa svona flotta reiðkennara í okkar félagi með svona góða aðstöðu og vel tamma hesta sem henta fyrir breiðan hóp fólks.

Haldin var páskaeggjaleit 23. mars fyrir börn upp að 13 ára aldri. Börnum í félaginu er boðið að koma og eiga glaðan dag með okkur við reiðhöllina Faxaborg í Borgarnesi. Nokkur börn í grunnskólanum í Borgarnesi máluðu fyrir okkur steina í öllum regnbogans litum sem síðan voru

faldir í lítilli laut fyrir utan reiðhöllina og þurfa börnin að finna steinana þar. Mæting var klukkan 18:00 og byrjað var á því að fara með börnin í nokkra leiki á meðan þau voru að tínast á svæðið, að því loknu fara svo börnin og leita af steinunum. Þegar öll börnin voru búin að finna að minnsta kosti einn málaðan stein fengu börnin páskaegg og svo var farið í nokkra leiki í lok leitarinnar.

Hestamannafélagið Borgfirðingur átti tvo fulltrúa á *FEIF youth cup* sem haldið var í Svíþjóð dagana 28. júlí til 4. ágúst. Arna Hrönn Ámundadóttir fór út sem keppandi á *youth cup* en Auður Ósk Sigurþórsdóttir formaður æskulýðsnefndar fór sem *team leader*.

Börn, unglingar og ungmenni félagsins stóðu sig einnig mjög vel á Landsmóti hestamanna í sumar.

Æskulýðsnefndin sá um sjoppu á Faxagleði Borgfirðings sem haldið var á Stóra kroppi 25. ágúst. Voru tvær ungar stelpur sem buðu sig fram til þess að standa vaktina í sjoppunni á meðan dagskráin stóð yfir.

Beitarmálin hjá okkur í Borgfirðingi voru með svipuðu sniði og þau voru áður hjá *Skugga* og ásókn í hagabeit samsvarandi því sem verið hefur undanfarin ár. Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það nokkuð vel fyrir sig og vandamálalaust að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir.

Reiðveganefnd sá að vanda um að sækja um fjármagn til reiðvegagerðar og uppskáru á starfsárinu um 1,8 m.kr. til félagsins af reiðvegaúthlutun Vegagerðarinnar. Auk þess fékk Borgfirðingur 1 m.kr. til ferðaleiða og 500 þús króna styrk úr framkvæmdasjóð um uppbyggingu ferðastaða til að endurbyggja gerðið í Stangarholti.

Umhverfisnefnd félagsins hafði sig nokkuð í frammi í sumar með árlegum tiltektardegi í hesthúsahverfinu. Nefndin var auk þess að ýta við félögum að fjarlægja rusl af kerruplani og rúlluplani, einhver tiltekt varð á þeim svæðum í framhaldi af því.

Fræðslunefnd félagsins var með nokkra starfsemi á árinu og stóð fyrir námskeiðahaldi fyrir eldri kynslóðina, þar var kennari Þórdís Fjeldsted og var þetta mjög vel heppnað námskeið. Nefndin hélt líka námskeið með Helgu Unu og boðið var upp á fyrirlestra og fræðsluefni.

Ferðanefndin okkar stóð fyrir vorferð 8. – 10. júní sem heppnaðist mjög vel, fullbókað var í ferðina og komust færri að en vildu.

Firmanefnd safnaði áheitum hjá fyrirtækjum fyrir firmakeppni félagsins, sem haldin var 1. maí, s.l. Auk þess var ákveðið að senda út valgreiðslu-kröfu í heimabanka allra félagsmanna eins og áður. Kaffinefnd félagsins stóð sig enn og aftur frábærlega og skilaði góðu starfi.

Vallarnefndin sá um að hafa vellina tilbúna fyrir íþróttu og gæðingamót auk þess sjá hún um að hafa kynbótavöllinn tilbúinn fyrir þessar tvær sýningar sem voru haldnar hér í sumar.

Starfsemin í reiðhöllinni *FAXABORG* var með hefðbundnu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi, formaður stjórnar Seláss er Heiða Dís Fjeldsted, gjaldkeri er María Magnúsdóttir auk þeirra eru í stjórn; Sigurþór Ágústsson, Þórdís Fjeldsted, Jón Kr. Kristjánsson, Halldóra Harðardóttir, Halldór Sigurkarlsson og Þórdís Arnardóttir. Viðburðir voru nokkrir, eins og undanfarin ár, svo sem *KB Mótariðin* og *Meistaradeild Vesturlands*, auk fjölmargra fleiri viðburða. Dansleikur var haldinn síðasta vetrardag og tókst vel. Þá var haldin Vesturlandssýningu í höllinni. Eitt er rétt að tiltaka til viðbótar vegna starfseminnar í reiðhöllinni, en það er umgengnin í höllinni, við þurfum stöðugt að vera á verði með að ganga vel um höllina og minna stöðugt hvort annað á mikilvægi þess.

Fyrir hönd stjórnar Borgfirðings

Þórdís Arnardóttir, formaður.


## Ungmennafélagið Íslendingur

### Æfingar sumarsins

Helstu æfingar sumarið 2017 voru knattspyrnuæfingar og sundæfingar. Sundæfingar voru í Hreppslaug en sundæfingar voru í Hreppslaug.

### Hreppslaug

Hreppslaug var opnuð í sumar eins og vaninn er. Skemmtilegt samstarf var gert við *Secret Solsticse* um að halda tónleika í lauginni. Gaman var hversu vel þessir tónleikar gengu fyrir sig. Hátt í 200 manns voru í lauginni eða á bakkanum að hlusta á tónlist. Laugin var lokuð á meðan á þessu stóð. Góð aðsókn var í laugina yfir sumarið þrátt fyrir mikla rigningu. Stefnt er á að opna laugina í vor eins og vant er.



### 17. júní hátíð

Félagið hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl. 11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í *Skjólbeltin* með fána þar sem farið er í leiki. Stórt grill er á staðnum sem gestir geta nýtt sér. Sem fyrri daginn var mætingin góð í ár og fólk naut þess að eiga notalega stund saman.

### Hreppslaugarhlaup

Hreppslaugarhlaupið var haldið í sjötta sinn í ár og var þónokkuð af hlaupurum sem tóku þátt í ár. Að loknu hlaupi fóru flestir í sund og gæddu sér á gómsætri súpu og brauði.

### Sverrismót

*Sverrismótið* í knattspyrnu var haldið í áttunda sinn á Hvanneyri í september. Mótið er haldið til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson knattspyrnuþjálfara og Hvanneyring. Ágóðinn af söfnuninni verður notaður til uppbyggingar á *Sverrisvelli* og til áhaldakaupa. Fjöldi liða tóku þátt en á *Sverrismóti* er aðalatriðið að hafa gaman.

### Dósasöfnun / Svarta kusa

Dósasöfnun hefur farið fram reglulega með góðum árangri til fjáröflunar. Frábært er hvað íbúar eru duglegir við að fylla *Svörtu kusu* og styrkja um leið ungmennafélagið. Íbúar er hvattir að halda áfram að fylla kusuna reglulega.

### Gamlársbrenna

Félagið stóð fyrir áramótabrennu við Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst sérlega vel og mætingin var góð. Til að gæta fyllsta öryggis var slökkviliðsbíll á staðnum.

### Blakdeild Hvannanna

Hópur félagskvenna hefur verið virkur í blakdeild Hvannanna síðastliðið ár. Hópurinn tekur þátt í fjölmörgum mótum á ári. Hvannirnar halda æfingar tvisvar til þrisvar í viku.

## Ungmennafélag Reykdæla

Starf ungmennafélags Reykdæla árið 2018 var blómlegt að vanda með sína föstu viðburði: kjör á Íþróttamanni Reykdæla, Þorrablót, hátíðarhöld á 17. júní, *Gleðifundi*, Skötuveislu og áramótabrennu. *Ungmennafélag Reykdæla* varð 110 ára á árinu og var því fagnað. *Ungmennafélag Reykdæla* á og rekur félagsheimilið Logaland og nýtir undir starfsemi sína. Þá hefur kvenfélag Reykdæla sem og *Bridsfélag Borgarfjarðar* aðsetur í Logalandi. Logaland er vel nýtt yfir sumarmánuðina og oft komast færri að en vilja.

Íþróttastarf gekk vel á árinu og boðið var uppá sund, körfubolta og fótbolta. Þónokkur börn tóku þátt á unglíngalandsmóti sem haldið var í Þorlákshöfn og stóðu þau sig öll með stakri þryði. Íþróttafólk félagsins var að venju verðlaunað fyrir góðan árangur sem og ástundun. Íþróttamaður Reykdæla árið 2018 var Bjartmar Þór Unnarsson, í öðru sæti var Lisbeth Inga Kristófersdóttir og þriðja var Heiður Karlsdóttir. Þá hefur verið venja hjá félaginu að verðlauna þá iðkendur sem sýnt hafa mestar framfari á árinu í sundi og körfubolta. Skírnir Ingi Hermannsson og Ólöf Sesselja Kristófersdóttir hlutu verðlaun fyrir mestu framfarir í körfubolta árið 2018. Alexander Ernir Dagsson og Sædís Mist hlutu verðlaun fyrir mestu framfarir í sundi fyrir árið 2018.

Reykdælir hefja árið með þorrablóti, að þessu sinni var veislustjórn í höndum Loga Bergmann, þorramatur frá *Galitó* og *Meginstreymi* sá svo um að halda uppi fjörinu fram á nótt.

17. júní var haldinn hátíðlegur að vanda. Dagurinn byrjaði á hópreið til messu í Reykholt og að messu lokinni var haldið í hangikjötsveislu í Logaland. Skemmtidagskrá var svo fram eftir degi og boðið var upp á hina ýmsu leiki jafn fyrir aldna sem unga. Hápunkti svo náð með komu karamelluflugvélar að vanda.

*Gleðifundur* var haldinn 10. nóvember, en *Gleðifundur* er árshátíð Reykdæla. Boðið var uppá lambalæri og tilheyrandi. Heimbrugguð skemmtidagskrá í boði *Gleðifundarnefndar* og sá svo hljómsveitin *Bland* um að leika fyrir dansi. *Gleðifundur* tókst vel til, fólks skemmti sér vel og aðsókn var fín.

Skötuveisla Reykdæla er farinn að verða fastur liður þegar líður að jólum. Boðið var uppá vel kæsta skötu og saltfisk með öllu því helsta meðlæti s.s hömsum, hnoðmaur, kartöflum og þrumara. Skötuveislan tókst ljómandi vel og var vel sótt.

Leikstarf var í minnalagi árið 2018, en þó alls ekki í dvala. Leiknefnd félagsins sá um að halda bandalagsþing áhuga leikhúsa í Logalandi á vormánuðum. Vinna við slíkt er tímafrek, en skemmtilega og tókst mjög vel til.

Fyrir hönd Ungmennafélags Reykdæla,  
Þórhildur María Kristinsdóttir.

## Ungmennafélag Stafholtstungna

### Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn 27. febrúar og er núverandi stjórnarskipan þannig að Agnes Guðmundsdóttir er formaður, Auður Ármannsdóttir er gjaldkeri og Ómar Ólafsson er ritari. Ásgeir Ásgeirsson og Sigríður Arnardóttir eru varamenn. Stjórnarfundir voru fjórir á árinu, auk símtala og tölvusamskipta.



### Fréttabréf

Félagið gaf út eitt fréttabréf um vorið og var það sent á öll heimili á starfssvæðinu.

### Nýársbrenna

Hin árlega nýársbrenna félagsins sem halda átti þann 2. janúar við félagsheimilið Þinghamar var aflýst þetta árið vegna þess að gróður var of þurr og spáin var heldur hvöss. En björgunarsveitin Heiðar sá um flugeldasýningu fyrir ungmennafélagið og stóð Kvenfélag Stafholtstungna fyrir félagsvist seinna um kvöldið.



### Umhverfismál

Umhverfisdagur var haldinn 10. júní á Varmalandi. Þangað mættu fáir félagar en dugmiklir og tóku þeir til í skóginum. Klipptar voru greinar og tré grisjuð, allt dregið út úr skóginum og sett í timburgám á plani skólans. Ungmennafélagið gaf 1. bekk Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar bekkjartré. Bekkurinn valdi þá tegund sem þeim fannst efnilegust. Nemendur munu síðan fylgjast áfram með vexti bekkjartrésins á meðan á skólagöngu þeirra stendur.



### Íþróttir

Frjálsíþróttar- og knattspyrnuæfingar voru skipulagðar yfir sumartímenn þar sem Ómar Ólafsson þjálfaði. Þær voru vel stundaðar af þeim sem mættu en mikil fækkun er á meðal yngstu iðkenda á félagssvæðinu. Eftir síðustu æfinguna var farið í Bauluna og fyllt á orkutankana.

Yngri meðlimir félagsins tóku þátt í nokkrum mótum innan héraðs sem utan. Að þessu sinni var Ármót í frjálsum íþróttum í umsjá félagsins og var það haldið á Skallagrímsvelli þann 24. júlí og hófst kl. 18:00. Keppendur voru um rúmlega 50 en skráningar mun fleiri og þó nokkrir bættu sinn persónulegar árangur.

17. júní hlaupið, 600 m hlaup fyrir börn 12 ára og yngri, var haldið þann 1. júní á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið síðasta skóladag ár hvert. Að þessu sinni sigraði Isaac Logi Diaz í 6. bekk.



Félagið tók þátt í hreyfiviku UMFÍ og var sundlaugin á Varmalandi opin eina kvöldstund.

Íþróttamaður félagsins árið 2018 var sem fyrr valinn og varð Sigursteinn Ásgeirsson hlutskarpastur í því vali. Hann var tilnefndur fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum. Á styrkleikalista FRÍ 16 – 17 ára pilta yfir allt landið var hann með besta afrekið í sleggjukasti, annað besta afrekið bæði í spjótkesti og kúluvarpi og fjórða besta afrekið í kringlukasti.

Félagið sá um veitingar á verðlaunahátíðinni þegar íþróttamaður Borgarbyggðar var krýndur.

### Hestaferð

Hestaferðin var 31. júlí þetta árið. Farið var frá Munaðarnesi og upp með Norðurá. Riðið var eftir Gafleyrinni fyrir neðan BSRB og áfram sem leið lá fram hjá Veidihúsinu áleiðis að Glanna. Snúið var við fyrir innan Veidihúsið og riðið til baka aftur að Munaðarnesbænum. Þar fengu reiðmenn pylsur og safa. Veðrið var ágætt til að byrja með en síðan fór að rigna allhressilega. Milli 15 og 20 knapar tóku þátt í reiðtúrnum.



Þökkum við Guðrúnu S. Karlsdóttur og Jóni Bjarnasyni í Munaðarnesi kærlega fyrir afnotin af landsvæðinu hjá þeim.

### Fjáröflun

Dósaöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Gekk söfnunin hægt af stað en jókst er leið á sumarið. Dósaámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við bæinn Tún og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að losa gámana reglulega yfir sumartímamann og hafa eftirlit með losun þeirra að vetri til.

### Gönguferð

Gönguferð félagsins var farin þann 19. ágúst. Gengin var verulega falleg leið frá mel vestan við veiðihúsið við Norðurá, þaðan upp með ánni, fyrst að veiðihúsinu, svo að Laxfossi, fram hjá Paradísarlaut og að Glanna.

Einnig stóð félagið fyrir lýðheilsugöngu Ferðafélags Íslands og UMSB þann 12. september og var ákveðið að ganga sömu leið. Göngustjórar voru Birgir Hauksson og Brynjólfur Guðmundsson.



## **Námskeið**

Félagið stóð fyrir fyrirlestri á skólasvæði Grunnskóla Borgarfjarðar sem var byggður á bókum Hugarfrelsis. Fyrirlesarar voru Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir. Kynntu þær einfaldar og gagnlegar aðferðir sem foreldrar geta nýtt með börnum sínum til að auka vellíðan, hamingju og gleði. Einnig hjálpa aðferðirnar við að fjölga gæðastundum og auka kyrrð og ró fjölskyldunnar.

## **Styrkir**

Félagið styrkti fjögur ungmenni til æfingar- og keppnisferðar á erlendri grundu.

## **Leikdeild**

Stjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir ritari. Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn 7. nóvember.

Ákveðið var að ráða Þröst Guðbjartsson leikstjóra og hófust æfingar um miðjan janúar 2019. Setja á upp Leikritið Rympa á Ruslahaugnum eftir Herdísi Egilsdóttir og sýningar hefjast í mars byrjun. Leikarar í verkinu verða 13, þar af eru sex börn á grunnskóla aldri.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum vinnusömum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

F.h. stjórnar

Agnes Guðmundsdóttir, formaður

## Fréttapunktur frá UMFÍ 2018

### LANDSMÓTIÐ Á SAUÐÁRKRÓKI OG LANDSMÓT UMFÍ 50+



Landsmótið var haldið í fyrsta sinn með gjörbreyttu sniði á Sauðárkróki 12. – 15. júlí. Samhliða mótinu fór fram Landsmót UMFÍ 50+ í áttunda sinn og Meistaramót í frjálsum íþróttum. Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) var mótshaldari ásamt sveitarfélaginu Skagafirði. Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ og framkvæmdastjóri móta UMFÍ, hélt sem fyrr um alla þræði Landsmótsins.

Landsmótið hófst fimmtudaginn 12. júlí og var það sett með pompi og prakt daginn eftir. Veðrið var ekki með besta móti við setninguna og rigndi nokkuð. Það létu Landsmótsgestir ekki á sig fá og fjölmenntu við setninguna. Þrýðilegt veður var svo alla helgina. Á Landsmótinu var boðið upp á keppni í um 40 greinum og fjölda viðburða, fyrirlestra um ýmsar hliðar lýðheilsu, tónleika og margt fleira. Fjölmargar nýjungar voru á Landsmótinu en keppt var m.a. í blaki og biathloni, sem er blanda af hlaupum og skotfimi og í ætt við skíðaskotfimi sem keppt er í á Vetrarólympíuleikum.

Á Landsmótinu voru tvær stórar kvöldskemmtanir laugardagskvöldið 14. júlí. Sú fyrri var veislu- og skemmtikvöld fyrir þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þar var slegið upp veislu úr skagfirsku hráefni og hélt síðan Geirmundur Valtýsson sveiflukóngur uppi fjörinu fram að miðnætti. Eftir það tók diskókóngurinn Páll Óskar Hjalmtýsson við og hélt hann stuðinu við langt inn í nóttina.

Landsmótið þótti takast mjög vel og náðust þau markmið sem sett voru með mótinu. Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að halda ekki Landsmót á fjögurra til fimm ára fresti eins og tíðkast hefur heldur á tveggja ára fresti og verður samkvæmt því næsta Landsmót haldið sumarið 2020.

### UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ Í ÞORLÁKSHÖFN

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina 2018, dagana 2.-5. ágúst. Þetta var 21. unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið hefur verið frá árinu 1992. Mótshaldarar voru Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og sveitarfélagið Ölfus.

Veðrið lék ekki beint við mótsgesti á fyrsta degi mótsins og var afráðið að fresta setningu þess fram á laugardag. Hugrekki þarf til slíks en ákvörðunin reyndist rétt því að setningin fór fram degi síðar í brakandi blíðu.

Rétt eins og á Landsmótinu var talsvert um nýjungar á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn. Þar var byggður upp strandblakvöllur, keppt í dorgveiði, strandhandbolta og sandkastalagerð auk kókuskreytingarkeppni sem keppt var í í fyrsta sinn á Egilsstöðum ári fyrr.

Við slit Unglingalandsmótsins var tilkynnt að UMSB hlyti Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Fyrirmyndarbikarinn hlýtur sá sambandsaðili UMFÍ sem hefur sýnt framkomu til fyrirmyndar jafn innan sem utan keppni. Meðal annars er horf til inngöngu keppnisliða og stuðningsfólks við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ, framkoma liðsfélaga og fylgdarliðs, háttvísi öll og stemning fjölskyldna á tjaldsvæðinu. Mikil fagnaðarlæti brutust út í áhorfendaskaranum í Þorlákshöfn þegar Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, tilkynnti niðurstöðu nefndarinnar sem velur hver á bikarinn skilið. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri UMSB, og félagar UMSB hlupu inn á völinn undir dynjandi lófataki og tóku við bikarum.

## HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28 maí – 3. júní. Um 165 boðberar stóðu fyrir um 380 viðburðum á 55 þéttbýlisstöðum víða um land. Áætlað er að þátttakendur að þessu sinni hafi verið 38.000 talsins. Þetta var sjötta árið sem UMFÍ tók þátt í verkefninu. Hreyfivikan er hluti af evrópskri lýðheilsuherferð sem heitir Now We Move.

UMFÍ tók upp á þeirri nýbreytni að búa til Hreyfingó í tilefni af vikunni og var því dreift um allt land. Hreyfingóíð samanstendur af tólf hreyfitengdum verkefnum sem má framkvæma hvar og hvenær sem er.

## UNGMENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐIR UMFÍ

Aðsókn í Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal hafa stórauðist. Miðað við bókaðar dvalir stefnir í að 2.100 nemendur verði þar fram að vori. Þetta er metfjöldi í búðunum. Nemendur frá mörgum nýjum skólum hafa bæst við, sem skýrir fjölgunina.

Að öllu óbreyttu mun starfsemi Ungmennabúðanna flytjast yfir á Laugarvatn á næsta skólaári. Ástæðan er sú að samningur UMFÍ við sveitarfélagið Dalabyggð um búðirnar rennur út í en í lok maí. Að auki eru byggirnar á Laugum, sem eru í söluferli, komnar til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds. Mjög hentugt húsnæði er hins vegar í gamla Íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni og stutt að fara í íþróttahús og aðra aðstöðu.

## VERTU MEÐ

Haustið 2018 kom út bæklingur sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins er foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku. Efnið er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ.

ÍSÍ og UMFÍ fóru samhliða þessu af stað með tilraunaverkefni þar sem fimm félag / íþróttahéruð fengu styrki til þess að vinna að aukinni þátttöku barna af erlendum uppruna í sinni heimabyggð. Í framhaldinu verða niðurstöðurnar nýttar til að finna fleiri leiðir til þess að auka þáttökuna og vekja athygli á málaflokknum.

## VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Sauðárkróki helgina 4. - 5. maí 2018. Á fundinum mættu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ og starfsfólks. Fyrirkomulag Landsmótsins var kynnt á fundinum. Á laugardeginum fóru fundargestir um Sauðárkrók, skoðuðu bæinn, Landsmótssvæðið og tjaldstæðin ofan við bæinn.

## SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ 2018

Tveir sambandsráðsfundir UMFÍ voru haldnir á árinu 2018. Sá fyrri var haldinn í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar í janúar. Eina málið á dagskrá var umfjöllun um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Á fundinum fór Þórir Haraldsson yfir forsögu þess að íþróttabandalög óska eftir aðgöngu að UMFÍ og lýsti nokkrum sviðsmyndum verði af inngöngu þeirra. Ályktun fundarins var sú að fela stjórn UMFÍ að halda vinnu við aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og skuli hún fara fram fyrir sambandsþing UMFÍ árið 2019.

Í lok fundar lagði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fram drög að ályktun í tengslum við #MeToo-byltinguna en fjöldi íþróttakvænna hafði nokkru áður stigið fram og greint frá kynbundnu ofbeldi gegn sér innan íþróttahreyfingarinnar. Ályktunin hljóðar svo: „Við, stjórnendur og forsvarsmenn í ungmennafélagshreyfingunni, munum bregðast við og leggja okkar af mörkum í baráttunni gegn hvers kyns ofbeldi innan ungmennafélagshreyfingarinnar.“

Hinn sambandsráðsfundurinn fór fram á Ísafirði 20. október. Á fundinum voru hefðbundin fundarstörf. Auk þess var rætt um nýju persónuverndarlögin sem þá höfðu þegar tekið gildi. Góður andi var á fundinum. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sagði mikla þörf fyrir sjálfbóðaliða í hreyfingunni og þurfi að hluta að þeim sem gefi sig í að starfa sem sjálfbóðaliðar, hvort sem þeir haldi utan um ýmis

gögn, starfi á keppnissvæðum, stýri unglíngastarfi eða í stjórnun. Á fundinum fjallaði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, jafnframt um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

## UNGMENNARÁÐ OG UNGMENNARÁÐSTEFNA

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess til tveggja ára er Kolbrún Lára Kjartansdóttir fyrir hönd USVH. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða. Ýmis verkefni koma á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi og í tengslum við verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ungmennaráðsins hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem haldin hefur verið árlega í níu ár, og Umræðupartý UMFÍ.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fór fram á hótél Borealis, Efri-Brú í Grímsnesi, dagana 21. – 23. mars 2018. Þetta var í níunda skiptið sem ráðstefnan var haldin. Yfirskrift ráðstefnunnar nú var Okkar skoðun skiptir máli!

Með ráðstefnunum Ungt fólk og lýðræði er ávallt lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Ráðstefnurnar eru ætlaðar ungu fólki á aldrinum 16 - 25 ára og skipuleggur Ungmennaráð UMFÍ hana. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega frá árinu 2009 og hefur því fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.

### Ályktun frá Ungmennaráðstefnunni

Ungmennum á Íslandi finnast vegir landsins vera í niðurníðslu. Bæta þarf samgöngur um allt land og veita sveitarfélögum heimild til að laga vegi sem heyra undir Vegagerðina. Samgöngubætur má fjármagna með komugjöldum á erlenda ferðamenn, þar sem þeir eru orðnir stór hluti þeirra sem nota vegakerfi landsins.

Kvíði og þunglyndi hefur aukist mikið í röðum ungmenna á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri. Stytting framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú og minni tími nemenda til að sinna félagsstörfum er að stórum hluta orsakavaldur að mati ungmenna.

Festa þarf í lög að í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins verði starfandi sálfræðingar í öllum grunn- og framhaldsskólum á landinu. Einnig vantar betri forvarnir í geð-heilbrigðismálum og gætu starfandi skólasálfræðingar séð um þá fræðslu.

### UMRÆÐUPARTÝ UMFÍ

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til að standa fyrir fundum ungs fólks og ráðamanna innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Markmið verkefnisins var að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélags-hreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. UMFÍ hvetur sambandsaðila til að kalla ungmenni oftar að borðinu þegar ákvarðanir, sem snerta ungt fólk, eru teknar. Einnig að auka áhrif ungs fólks í stjórnun og ráðum.

### FORVARNARDAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Blaðamannafundur í tengslum við forvarnadaginn var haldinn í Réttarholtsskóla mánu-daginn 1. október. Þar voru Guðni Th. Jóhannes-son, forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Alma D. Möller landlæknir auk fulltrúa frá ÍSÍ, Skátunum og UMFÍ. Á forvarnadeginum sjálfum heimsótti Guðni nemendur við Menntaskólann í Hamrahlíð og grunnskóla Grindavíkur og ræddi hann við þá um forvarnir. Áhersla forvarnadagsins var aukin notkun rafretta og lyfseðilsskyldra lyfja.

## SKINFAXI OG ÚTGÁFUMÁL UMFÍ

Fjögur tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2018. Efni Skinfaxes hefur í meiri mæli snúist um ýmis ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá einstökum félögum. Aðdraganda stórra viðburða fá þeir sérstaklega mikið rými.

Skinfaxi er sendur til áskrifenda og stjórnar og stjórnenda inna UMFÍ um allt land er er auk þess dreift í sundlaugar og íþróttamiðstöðvar auk þess sem blöðin eru fáanleg á bensínstöðvum.

Einnig er hægt að lesa Skinfaxa á PDF-formi á vef UMFÍ. Slóðin er:

<https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

## FRÉTTABRÉF UMFÍ

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórar, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð. UMFÍ sendir auk þess sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra fréttabréf um sérstök mál ef svo ber undir. Fréttabréfsformið hefur jafnframt verið nýtt á Unglingalandsmótum UMFÍ, Landsmótum UMFÍ 50+ og Landsmótinu. Í aðdraganda móta hafa þátttakendur fengið upplýsingabréf um viðburði.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á [www.umfi.is](http://www.umfi.is) eða með því að senda línu á [umfi@umfi.is](mailto:umfi@umfi.is)

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri UMFÍ er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Starfsmaður UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er Ómar Bragi Stefánsson og er hann búsettur á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Æskulýðsvettvangsins auk Landssambands eldri borgara, Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV).

## SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika. Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem við-komandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsídóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.

# Fréttapunktur frá ÍSÍ árið 2018

## Formannafundur 2018

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 16. nóvember í Laugardalshöllinni. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ þrjú mál fyrir fundinn; #églíka, persónuvernd (GDPR) og ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar. Góðar umræður urðu á fundinum, meðal annars um þjóðarleikvanga, aðstöðumál sambandsaðila, skyldur sambandsaðila og fleiri hagsmunamál er brunnu á fundargestum.



## Framtíðarskipulag íþróttamála

Á 73. Íþróttþingi ÍSÍ vorið 2017 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Samtökum íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti. ÍSÍ stóð fyrir slíkri ráðstefnu þann 16. nóvember 2018 í Laugardalshöll og til hennar var boðið stjórnnum og starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, fulltrúum frá sambandsaðilum ÍSÍ, ásamt Íþróttanefnd ríkisins, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi íþróttá-, æskulýðs- og tólmstundafulltrúa. Fundarformið var blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Fundarstjóri var Gunnar Jónatansson. Fundurinn tókst afar vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ mun vinna frekar með afurðir fundarins í aðdraganda Íþróttþings ÍSÍ í maí 2019.

## Heiðurshöll ÍSÍ

Á hófi Íþróttamanns ársins 2018, þann 29. desember, var Hreinn Halldórsson kúluvarpari útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Hreinn er átjándi einstaklingurinn sem ÍSÍ útnefnir í höllina. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

## Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2018 voru 127 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþróttá- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

## Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2018 var 95 m.kr.

## **Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ**

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stóraukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða.

Miklar breytingar áttu sér stað hjá Afrekssjóði ÍSÍ á árinu 2018. Að loknu Íþróttapingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn og hefur allt ferli í kringum styrkveitingar, kröfur og eftirfylgni tekið breytingum frá fyrri árum. Heilt yfir má segja að breytingarnar hafi gengið vel og fulltrúar sérsambanda ÍSÍ hafa tekið nýju vinnulagi fagnandi og farið í mikla vinnu við að skipuleggja enn frekar afreksstarf sérsambanda og unnið að því að uppfylla þær kröfur sem nýtt umhverfi afreksíþróttar felur í sér.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ festi ákveðinn ramma fyrir styrkveitingar sem kynntur var fyrir sérsamböndum og fól í sér upplýsingar um áherslur sjóðsstjórnar vegna ársins 2018. Samhliða því staðfesti stjórn sjóðsins flokkun sérsambanda í afreksflokka, en slíkt er ein forsenda þeirra möguleika sem hvert sérsamband hefur gagnvart úthlutunum og stillir jafnframt af þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi sérsambands.

Verkaskipting á milli stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur einnig tekið breytingum samhliða nýju fyrirkomulagi og hafa breytingarnar tekist vel. Með breytingunum hafa aðilar í stjórn sviðsins tekið að sér að vera í reglulegum samskiptum við sérsambönd og sett sig betur inni það starf sem á sér stað innan þeirra. Heilt yfir má segja að aukin samskipti, upplýsingastreymi og stefnumótun hafi einkennt þetta ár og var það ein af áherslum þeirra breytinga sem gerðar voru á Afrekssjóði ÍSÍ og afreksstarfi ÍSÍ og sérsambanda.

Heildarúthlutun ársins 2018 til sérsambanda ÍSÍ er kr. 349.300.000. Er það um 100 m.kr. hækkun frá árinu 2017, en endanlegar tölur vegna ársins 2017 voru 249.116.258. Á vefsíðu ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ má sjá hvernig styrkveitingar skiptast á milli sérsambanda ÍSÍ. Þá hefur Afrekssjóður ÍSÍ gefið út skýrslu vegna ársins 2018 þar sem má finna fróðleik um starfsemi sjóðsins og áherslur.

## **Ólympísk verkefni**

Á árinu 2018 sendi ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang í Suður-Kóreu fóru fram 9.-25. febrúar. Ísland átti fimm keppendur á leikunum, í alpagreinum og skíðagöngu.

Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires í Argentínu fóru fram 6.-18. október. Ísland átti níu keppendur á leikunum, í fimleikum, frjálsíþróttum, golfi og sundi. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði í 200m hlaupi og er það í fyrsta sinn sem að íslenskur keppandi vinnur til gullverðlauna á leikum á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar.

## **Íþróttaslysasjóður**

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkrahjálfnar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþróttar- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.



## **Ólympíufjölskylda**

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

## **Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ**

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er [www.isi.is](http://www.isi.is) og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþróttu- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isiiiceland. Á Vimeo-síðu ÍSÍ (<https://vimeo.com/user33366809>) er að finna efni frá ráðstefnum og fræðsluviðburðum og ÍSÍ gefur bæði út fréttablað á Issuu-síðu sinni (<https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands>) og veffréttabréf sem dreift er með tölvupósti. Á myndasíðu ÍSÍ er að finna bæði nýjar og gamlar myndir úr starfi sambandsins og sambandsaðila (<http://myndir.isi.is/>).

## **Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ**

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttu iðkendur á Íslandi og skráningu á aðalstjórnnum félaga og deilda ásamt þjálfurum þeirra. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra á markaðnum. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu. Einnig er hægt að skrá og halda utan um námskeið og greiðslu á þau úr kerfinu sem og að senda greiðslur vegna félagsgjalda. Skila þarf starfsskýrslum árlega til ÍSÍ í gegnum Felix.

## **Innleiðing nýrra persónuverndarlaga**

ÍSÍ og Advice Advania hafa í samvinnu útbúið leiðbeinandi innleiðingarpakka fyrir íþróttahreyfinguna vegna nýrra persónuverndarlaga, til að einfalda það verk sem hver sambandsaðili og íþróttafélag þarf að vinna og lágmarka kostnað íþróttahreyfingarinnar við verkefnið. Öll skjöl eru byggð á vinnu með ráðgjöf frá Advice Advania. Í innleiðingarpakkanum eru m.a. drög að útfylltri vinnsluskrá, úrbótaskrá, persónuverndarstefnu og gerð áhættumats í samvinnu við sambandsaðila, til að létta undir innleiðingu sambandsaðila á nýjum lögum um persónuvernd. Með pakkanum fylgja leiðbeiningar ásamt dæmum um hvernig fylla má út vinnsluskrá og önnur skjöl. Kynningar- og fræðslufundir hafa verið haldnir vegna innleiðingarinnar.

## **Forvarnardagur forseta Íslands**

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2018 var haldinn þann 3. október.

## **Þróun og fræðsla**

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttapátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir mörgum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars um snemmbæra afreksþjálfun barna og um tilgang íþróttamælinga. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra um fræðsluviðburði, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurlaikana (RIG) og HÍ og HR.

### **Vertu með!**

ÍSÍ og UMFÍ hafa unnið saman að því að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi, bæði með útgáfu á bæklingi og úthlutun fimm styrkja til íþróttahéraða og íþróttafélaga til að standa fyrir verkefnum sem hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi.

Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku og markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins.

Efnið má finna á vefsíðum ÍSÍ og UMFÍ.

### **Sýnum karakter**

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram þann líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Heimasíða verkefnisins er [www.synumkarakter.is](http://www.synumkarakter.is), einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.

Þann 2. Nóvember 2018 var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – Jákvæð íþróttamenning. Áherslan á ráðstefnunni var á félagslegar og sálrænar hliðar íþróttar og rætt var um leiðir til að byggja upp jákvæða menningu í íþróttastarfinu. Fyrirlesarar voru sjö talsins, bæði innlendir og erlendir. Uppselt var á ráðstefnuna en fyrirlestrana má sjá á Vimeo-síðu ÍSÍ.

### **Þjálfaramenntun**

Þjálfaramenntun ÍSÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍSÍ sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sérsambandanna.

### **Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ**

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Á Íþróttþingi ÍSÍ árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

Tvö íþróttahéruð hafa hlotið viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, þ.e. Ungmennasamband Eyjafjarðar (2017) og Ungmennasamband Skagafjarðar (2018).

### **Ólympíudagurinn**

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og

uppgötva. ÍSÍ hefur fengið sérsambönd í lið með sér sem hafa boðið börnum að prófa ýmsar greinar í viðburðum tengdum Ólympíudeginum.

### **Almenningsíþróttir**

Lífshlaupið fór fram í ellefta sinn 31. janúar - 20. febrúar. Þátttakendur voru um 16.000 að þessu sinni á 505 vinnustöðum í 1.628 liðum. Skráðir voru 166.284 hreyfidagar og 12.978.038 hreyfiminútur.

Hjólað í vinnuna fór fram í sextánda sinn 2. – 22. maí. Þátttakendur voru 4.243 talsins. Verkefnið hefur frá upphafi staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum ásamt því að stuðla að virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Fjöldi fólks hjólar nú til og frá vinnu allt árið um kring.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram þann 2. júní um allt land. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 5. september – 10. október. 75 skólar tóku þátt að þessu sinni og var það metþátttaka. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Íþróttavika Evrópu fór fram 23. - 30. september og hófst með #BeActive deginum sem haldin var í Laugardalnum þar sem hinar ýmsu íþróttagreinar og hreyfing var til kynningar og prufu. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarið og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Ýmis íþróttafélög buðu upp á fría prufutíma í Íþróttavikunni. Þetta var í þriðja sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

### **Heilsuefling eldri aldurshópa**

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum nefnd um íþróttir 60+. Markmiðið með nefndinni er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir átaksverkefnum eftir atvikum. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að hreyfing bætir líkamlega og andlega líðan. Fólk sem hreyfir sig reglulega dregur ekki aðeins úr líkunum á ýmsum langvinnum sjúkdómum, s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, stoðkerfisvanda og offitu heldur stóreykur það líkurnar á að lifa lengur sjálfstæðu, heilbrigðu og hamingjuríku lífi.

### **Lyfjæftirlit Íslands**

Í júní fór fram stofnfundur Lyfjæftirlits Íslands, séreignarstofnunar ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með tilkomu Lyfjæftirlits Íslands fluttist lyfjæftirlit úr höndum ÍSÍ yfir á stofnunina. Lyfjæftirlit Íslands skipuleggur og framkvæmir lyfjæftirlit á Íslandi, og birtir og kynnir bannlista um efni þau sem óheimilt er að nota í íþróttum. Lyfjæftirlit Íslands stendur fyrir fræðslu og forvörnum gegn lyfjamisnotkun og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi í tengslum við baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Stofnuninni er ætlað að hvetja til rannsókna sem tengjast starfi þess og markmiðum, vekja athygli á málaflokknum og taka þátt í umræðum um hann. Þetta mikilvæga skref gerir lyfjæftirlit á Íslandi sjálfstætt, í samræmi við ályktanir Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) og Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar (WADA).

## **Lyfjamál**

Alls tók Lyfjaeftirlit Íslands 123 sýni á árinu 2018, þar af 66 sýni utan keppni eða um 54%. Lyfjapróf voru tekin í 15 íþróttagreinum og reyndust tvö sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlit Íslands stendur fyrir námskeiðum og fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, <http://isi.is/lyfjaeftirlit/> og einnig á vefsíðu Lyfjaeftirlits Íslands, [www.antidoping.is](http://www.antidoping.is).

## **Starfsskýrslur ÍSÍ**

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

## **Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda ÍSÍ 2018**

Þann 29. desember 2018 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2018 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2018 lýst.

## **Norræna skólahlaupið breyttist í Ólympíuhlaup ÍSÍ**

Norræna skólahlaupið hefur farið fram í grunnskólum landsins óslitið frá árinu 1984 og lengstan hluta þess tíma verið í umsjón ÍSÍ. Á síðustu árum hefur Ísland verið eina þátttökuþjóðin á Norðurlöndunum og nafn hlaupsins því ekki endurspeglar verkefnið. ÍSÍ ákvað því að breyta nafni hlaupsins og varð Ólympíuhlaup ÍSÍ ofan á. Verkefnið hefur nú fengið nýtt merki og viðurkenningaskjölín skarta nýju útliti. Þátttaka íslenskra grunnskólanemenda hefur verið mjög góð og almenn í gegnum árin en hefur náð nýjum hæðum á undanförunum árum. Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er eins og áður leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Ólympíuhlaup ÍSÍ 2018 var sett í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði þann 6. september. Um 800 nemendur skólans tóku þátt í setningu hlaupsins og gátu valið um að hlaupa 2,5 km, 5 km eða 10 km. Hlaupið er styrkt af verkefni Íþróttavíka Evrópu. Þrjú skólar sem luku hlaupinu fyrir 1. október voru dregnir út og fengu verðlaun 100.000 króna inneign í Altis.

## **Siðareglur ÍSÍ**

Í kjölfar #églíka frásagna íþróttakvenna snemma á árinu 2018 var ákveðið að endurskoða siðareglur ÍSÍ, líkt og flest annað fræðsluefni ÍSÍ. Bryndís Valsdóttir siðfræðingur aðstoðaði ÍSÍ við endurskoðun á reglum og haft var samráð við umboðsmann barna við gerð reglnanna. Siðareglurnar má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

## **Jafnréttismál**

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt. ÍSÍ hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara. Skjölín má finna á vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla.

## **Heimsóknir til ÍSÍ**

Á hverju ári fær ÍSÍ fjölmargar heimsóknir frá ýmsum alþjóðasamtökum á vettvangi íþróttar. Áhugi erlendra aðila á starfi og skipulagi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hefur stóruaukið á síðustu árum, í kjölfar góðs árangurs íslensks afreksíþróttafólks á alþjóðamótum.

**Betra félag**

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að myndböndum í tengslum við verkefni sem kallast Betra félag. Á vefsíðu ÍSÍ má finna ýmsar upplýsingar er varða skipulagslega þætti íþróttafélags, sérsambands og héraðssambands, t.d. stofnun íþróttafélags, hlutverk stjórna, samskipti við fjölmiðla, hvernig á að skrifa fréttatilkynningu, halda blaðamannafund, gátlisti o.fl. Eitt það mikilvægasta við skipulag íþróttafélags, sérsambands og héraðssambands er að skrásetja söguna og vita hver tilgangur og hlutverk þeirra er.

**Þjálfarastyrkir ÍSÍ**

Þjálfarastyrkir ÍSÍ eru veittir íþróttþjálfurum sem sækja sér menntun erlendis í formi námskeiða eða ráðstefna og bæta þekkingu sína í þjálfun, sem mun nýtast íþróttahreyfingunni á Íslandi. Er upphæð hvers styrkjar að hámarki 100.000 krónur. Umsóknarferlið fer yfirleitt fram í september og október ár hvert.

# Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

## I. Kafli: Um sambandið

### 1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

### 2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

### 3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

### 4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

### 5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.

### 6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

### 7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

## II. Kafli: Um aðildarfélög

### 8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfellt má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

### 9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

### 10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi,

samkvæmt fyrimælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

### III. Kafli: Um sambandsþing

#### 11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukapings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

#### 12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda féлага við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 féлага þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna féлага.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

#### 13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður um skýrslu stjórnar

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald féлага

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Önnur mál

Þinggerð - þingslit

### IV. Kafli: Um stjórn

#### 14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

#### 15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

#### 16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

#### 17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

### **V. Kafli: Önnur ákvæði**

#### 18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögsmætu sambandsþingi.

#### 19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

#### 20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.



# Ungmennasamband Borgarfjarðar

---



Ársreikningur 2018

## Áritanir á ársreikning UMSB 2018

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2018 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 1.185 þús.kr. og eigið fé í árslok er 12,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 2019.

Stjórn:

Kristín Guðmund  
María Julia Þorodóttir  
Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir  
Guðrun Þorodóttir  
ANNA DÍÞÓR ANNA ÞORANINSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri:

Sigurður Guðmundsson

Við höfum aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2018. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Borgarnesi, 2019.

KPMG ehf.

Lárus Ólafur Reynisson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2018. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2018 og efnahag þess í árslok 2018. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 28/2 2018: 2019

Sinar Ole Pedersen  
Ólafur Þorvaldsson

# Ungmennasamband Borgarfjarðar

## Ársreikningur 2018

### Rekstrarreikningur árið 2018

|                                  | Skýr. | Áætlun 2018       | 2018              | 2017              |
|----------------------------------|-------|-------------------|-------------------|-------------------|
| <b>REKSTRARTEKJUR</b>            |       |                   |                   |                   |
| Félagaskattur .....              | 1     | 1.333.800         | 1.333.800         | 1.333.800         |
| Framlög og styrkir .....         | 2     | 19.150.000        | 19.869.308        | 18.798.996        |
| Lottó .....                      | 3     | 7.050.000         | 8.567.646         | 8.167.943         |
| Húsa- og vallarleigutekjur ..... | 4     | 29.077.992        | 27.972.928        | 29.094.000        |
| Aðrar tekjur .....               |       | 40.000            |                   |                   |
| <b>Rekstrartekjur alls</b>       |       | <b>56.651.792</b> | <b>57.743.682</b> | <b>57.394.739</b> |

### REKSTRARGJÖLD

|                                      |    |                   |                   |                   |
|--------------------------------------|----|-------------------|-------------------|-------------------|
| Laun og verktakagreiðslur .....      | 5  | 16.576.009        | 17.754.985        | 16.356.071        |
| Styrkir til aðildarféлага .....      | 6  | 8.154.814         | 8.626.443         | 8.929.726         |
| Áhöld og tæki .....                  | 7  | 200.000           | 24.969            | 92.599            |
| Pátttaka í mótum .....               | 8  | 0                 | 0                 | 68.450            |
| Kostnaður v/mótahalds .....          | 9  | 150.000           | 86.622            | 131.856           |
| Rekstur mannvirkja .....             | 10 | 28.794.220        | 27.756.240        | 28.937.254        |
| Rekstur skrifstofu .....             | 11 | 1.295.000         | 1.361.637         | 1.452.841         |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla ..... | 12 | 670.000           | 641.095           | 889.975           |
| Önnur gjöld .....                    | 13 | 109.000           | 42.471            | 11.541            |
| <b>Rekstrargjöld alls</b>            |    | <b>55.949.043</b> | <b>56.294.462</b> | <b>56.870.313</b> |

### Hagnaður (tap) án fjármagnsliða

**702.749    1.449.220    524.426**

### FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

|  |  |                  |                |
|--|--|------------------|----------------|
| Vaxtatekjur .....                              |  | 78.807           | 72.794         |
| Vaxtagjöld - dráttarvextir .....               |  | -166.204         | -67.047        |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímalánum ..... |  | 0                | 0              |
|  |  | <b>-87.397</b>   | <b>5.747</b>   |
| <br>   |  |                  |                |
| Hagnaður (tap) tímabilsins .....               |  | <b>1.361.823</b> | <b>530.173</b> |

## Efnahagsreikningur árið 2018

| EIGNIR                              |    | 2018              | 2017              |
|-------------------------------------|----|-------------------|-------------------|
| <b>FASTAFJÁRMUNIR</b>               |    |                   |                   |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....  | 14 | 7.975.561         | 7.975.561         |
| <b>Fastafjármunir alls</b>          |    | <u>7.975.561</u>  | <u>7.975.561</u>  |
| <b>VELTUFJÁRMUNIR</b>               |    |                   |                   |
| Skammtímakröfur .....               | 15 | 819.726           | 706.941           |
| Handbært fé .....                   | 16 | 12.056.023        | 9.188.457         |
| <b>Veltufjármunir alls</b>          |    | <u>12.875.749</u> | <u>9.895.398</u>  |
| <b>Eignir samtals</b>               |    | <u>20.851.310</u> | <u>17.870.959</u> |
| <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>          |    |                   |                   |
| <b>EIGIÐ FÉ</b>                     |    |                   |                   |
| Óráðstafað eigið fé .....           |    | 6.805.015         | 6.274.842         |
| Endurmatsreikningur .....           |    | 4.773.027         | 4.773.027         |
| Tekjuafgangur ársins .....          |    | 1.361.823         | 530.173           |
| <b>Eigið fé alls</b>                |    | <u>12.939.865</u> | <u>11.578.042</u> |
| <b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>             |    |                   |                   |
| Ógr. laun og launatengd gjöld ..... | 17 | 1.558.755         | 530.822           |
| Viðskiptaskuldir .....              |    | 3.048.112         | 2.380.093         |
| Afreksmannasjóður .....             | 18 | 3.304.578         | 3.382.002         |
| <b>Skammtímaskuldir alls</b>        |    | <u>7.911.445</u>  | <u>6.292.917</u>  |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>  |    | <u>20.851.310</u> | <u>17.870.959</u> |

## Sundurliðanir

2018

2017

### 1. Félagaskattur

|                           |                  |                  |
|---------------------------|------------------|------------------|
| Félagaskattur .....       | 1.333.800        | 1.333.800        |
| <b>Félagaskattur alls</b> | <b>1.333.800</b> | <b>1.333.800</b> |

### 2. Framlög og styrkir

#### Styrkir ÍSÍ og UMFÍ

|                                  |                |                |
|----------------------------------|----------------|----------------|
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....      | 437.190        | 504.841        |
| Styrkir UMFÍ .....               | 425.000        | 0              |
| <b>Styrkir, ÍSÍ og UMFÍ alls</b> | <b>862.190</b> | <b>504.841</b> |

#### Styrkir, bæjarfélag

|                                  |                   |                   |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Styrkir frá sveitarfélögum ..... | 18.878.766        | 18.197.581        |
| <b>Styrkir, bæjarfélag alls</b>  | <b>18.878.766</b> | <b>18.197.581</b> |

#### Aðrir styrktaraðilar

|                                  |                   |                   |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Aðrar tekjur .....               | 128.352           | 96.574            |
| Bókhaldsstyrkir KPMG .....       |                   |                   |
| <b>Aðrir styrktaraðilar alls</b> | <b>128.352</b>    | <b>96.574</b>     |
| <b>Framlög og styrkir alls</b>   | <b>19.869.308</b> | <b>18.798.996</b> |

### 3. Lottó

|                   |                  |                  |
|-------------------|------------------|------------------|
| Lottó ÍSÍ .....   | 3.317.282        | 3.151.143        |
| Lottó UMFÍ .....  | 5.250.364        | 5.016.800        |
| <b>Lottó alls</b> | <b>8.567.646</b> | <b>8.167.943</b> |

### 4. Húsa- og vallarleigutekjur

|   |                   |                   |
|---|-------------------|-------------------|
| Húsaleiga .....                         | 735.000           | 660.000           |
| Tjaldleiga .....                        | 40.000            | 0                 |
| Styrkur Borgarbyggð v. mannvirkja ..... | 6.000.000         | 6.000.000         |
| Reiknuð leiga íþróttamannvirkja .....   | 21.197.928        | 22.434.000        |
| <b>Húsa- og vallarleigutekjur alls</b>  | <b>27.972.928</b> | <b>29.094.000</b> |

|  | <b>2018</b>       | <b>2017</b>       |
|--|-------------------|-------------------|
| <b>Laun</b>                                      |                   |                   |
| Laun skrifstofu .....                            | 12.010.780        | 11.627.376        |
| Aðrar launagreiðslur .....                       | 42.000            | 0                 |
| Tryggingagjald .....                             | 1.015.822         | 968.402           |
| <br>   |                   |                   |
| Orlofs- og sjúkrasjóður .....                    | 198.178           | 191.860           |
| Slysatryggingar .....                            | 17.483            | 17.142            |
| <b>Laun alls</b>                                 | <u>14.816.825</u> | <u>14.114.691</u> |
| <br>   |                   |                   |
| <b>Bifreiða- og aðrir styrkir</b>                |                   |                   |
| Bifreiðakostnaður .....                          | 1.286.160         | 1.200.000         |
| Dagpeningar .....                                | 830.400           | 960.000           |
| Aðrir styrkir .....                              | 0                 | 41.380            |
| <b>Bifreiða- og aðrir styrkir alls</b>           | <u>2.116.560</u>  | <u>2.201.380</u>  |
| <br>   |                   |                   |
| <b>Verktakagreiðslur og annar kostnaður</b>      |                   |                   |
| Verktakagreiðslur þjálfara                       | 245.000           | 40.000            |
| Verktakagreiðslur v. ráðningar                   | 576.600           | 0                 |
| <b>Verktakagreiðslur og annar kostnaður alls</b> | <u>821.600</u>    | <u>40.000</u>     |
| <b>Laun og verktakagreiðslur alls</b>            | <u>17.754.985</u> | <u>16.356.071</u> |
| <br>   |                   |                   |
| <b>6. Styrkir til aðildarfélaga</b>              |                   |                   |
| Aðildarfélög v. lottó .....                      | 4.169.379         | 3.971.924         |
| Afreksmannasjóður v. lottó .....                 | 255.248           | 590.913           |
| Starfsstyrkir til aðildarfélaga .....            | 4.129.816         | 4.079.814         |
| Sérverkefni .....                                | 72.000            | 287.075           |
| <b>Styrkir til aðildarfélaga alls</b>            | <u>8.626.443</u>  | <u>8.929.726</u>  |
| <br>   |                   |                   |
| <b>7. Áhöld og tæki</b>                          |                   |                   |
| Búningar .....                                   | 0                 | 15.600            |
| Skrifstofuáhöld .....                            | 16.120            | 0                 |
| Önnur áhöld .....                                | 8.849             | 76.999            |
| <b>Áhöld og tæki alls</b>                        | <u>24.969</u>     | <u>92.599</u>     |
| <br>   |                   |                   |
| <b>8. Þátttaka í mótum</b>                       |                   |                   |
| Skráningargjöld .....                            | 0                 | 68.450            |
| <b>Þátttaka í mótum alls</b>                     | <u>0</u>          | <u>64.500</u>     |

|                                   | 2018   | 2017    |
|-----------------------------------|--------|---------|
| Verðlaunapeningar .....           | 73.610 | 118.510 |
| Landsmót .....                    | 13.012 | 13.346  |
| <b>Kostnaður v/mótahalds alls</b> | 86.622 | 131.856 |

#### 10. Rekstur mannvirkja

|                                       |            |            |
|---------------------------------------|------------|------------|
| Reiknuð leiga íþróttamannvirkja ..... | 21.197.928 | 22.434.000 |
| Umhirða íþróttavalla .....            | 6.000.000  | 6.000.000  |

#### Rekstur Borgarbraut 61

|                                      |         |         |
|--------------------------------------|---------|---------|
| Tryggingar .....                     | 29.818  | 27.228  |
| Rafmagn .....                        | 30.050  | 33.220  |
| Hiti. ....                           | 63.918  | 34.321  |
| Viðhald .....                        | 56.423  | 61.679  |
| Fasteignagjöld .....                 | 14.280  | 13.600  |
| Vatns og fráveitugjöld .....         | 57.500  | 45.346  |
| Annar kostnaður .....                | 103.683 | 72.526  |
| Sameiginlegur kostnaður .....        | 202.640 | 215.334 |
| <b>Rekstur Borgarbrautar 61 alls</b> | 558.312 | 503.254 |

#### Rekstur mannvirkja alls

27.756.240 28.937.254

#### 11. Rekstur skrifstofu

|                                 |           |           |
|---------------------------------|-----------|-----------|
| Sími. ....                      | 322.983   | 419.785   |
| Ritföng .....                   | 66.965    | 31.059    |
| Prentun .....                   | 12.921    | 0         |
| Póstkostnaður .....             | 2.295     | 0         |
| Kostnaður v. funda .....        | 212.883   | 133.899   |
| Kaffikostnaður .....            | 8.010     | 4.177     |
| Tölvukostnaður .....            | 37.213    | 334.203   |
| Bókhaldskostnaður .....         | 494.704   | 344.252   |
| Kostnaður v. ársskýrslu .....   | 89.631    | 83.531    |
| Innheimtugerfi .....            | 69.746    | 53.325    |
| Annar skrifstofukostnaður ..... | 620.886   | 48.610    |
| <b>Rekstur skrifstofu alls</b>  | 1.938.237 | 1.452.841 |

#### 12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

|  |         |         |
|--|---------|---------|
| Námskeiðsgjöld .....                       | 16.540  | 0       |
| Ferðakostnaður v/námskeiða .....           | 0       | 210.000 |
| Styrkir .....                              | 0       | 3.500   |
| Fréttabréf / auglýsingar .....             | 228.239 | 287.566 |
| Heimasíða .....                            | 102.404 | 79.790  |
| Þing og samráðsfundir .....                | 280.000 | 309.119 |
| Námskeið .....                             | 13.912  | 0       |
| <b>Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls</b> | 641.095 | 889.975 |

|                               | 2018            | 2017           |
|-------------------------------|-----------------|----------------|
| <b>13. Önnur gjöld</b>        |                 |                |
| Þjónustugjöld VISA/EURO ..... | 2.053           | 980            |
| Þjónustugjöld banka .....     | 5.928           | 5.481          |
| Annar kostnaður .....         | -542.110        | 5.080          |
| <b>Önnur gjöld alls</b>       | <u>-534.129</u> | <u>541.044</u> |

|  |                  |                  |
|--|------------------|------------------|
| <b>14. Varanlegir rekstrarfjármunir</b>  |                  |                  |
| Borgarbraut 61 .....                     | 6.874.928        | 6.874.928        |
| Hluti í Þinghamri .....                  | 4.001            | 4.001            |
| Safnahús .....                           | 3.000            | 3.000            |
| Íþróttavöllur Varmalandi .....           | 7.043            | 7.043            |
| Tölva og fylgihlutir .....               | 55.269           | 55.269           |
| Húsgögn .....                            | 38.414           | 38.414           |
| Tjald .....                              | 42.126           | 42.126           |
| Íþróttaráhöld .....                      | 950.780          | 950.780          |
| <b>Varanlegir rekstrarfjármunir alls</b> | <u>7.975.561</u> | <u>7.975.561</u> |

|                             |                |                |
|-----------------------------|----------------|----------------|
| <b>15. Skammtímakröfur</b>  |                |                |
| Viðskiptakröfur .....       | 819.726        | 706.941        |
| <b>Skammtímakröfur alls</b> | <u>819.726</u> | <u>672.942</u> |

|                                  |                   |                  |
|----------------------------------|-------------------|------------------|
| <b>16. Handbært fé</b>           |                   |                  |
| Reikn nr. 59 .....               | 9.520.764         | 5.851.521        |
| Peningamarkaðsreikn 552045 ..... | 2.535.259         | 3.336.936        |
| <b>Handbært fé alls</b>          | <u>12.056.023</u> | <u>9.188.457</u> |

|   |                  |                |
|---|------------------|----------------|
| <b>17. Ógr. laun og launatengd gjöld</b>  |                  |                |
| ógr. laun .....                           | 972.895          | 0              |
| ógr. lífeyrissjóður .....                 | 240.529          | 193.091        |
| ógr. félagsgjöld .....                    | 23.554           | 22.870         |
| ógr. staðgreiðsla .....                   | 228.480          | 220.662        |
| ógr. tryggingagjald .....                 | 87.078           | 80.551         |
| ógr. skattar utan staðgreiðslu .....      | 6.219            | 13.648         |
| <b>Ógr. laun og launatengd gjöld alls</b> | <u>1.558.755</u> | <u>530.822</u> |



# Ungmennasamband Borgarfjarðar

## Afreksmannasjóður - Ársreikningur 2018

### 18. Afreksmannasjóður

|                                     |                  |                  |
|-------------------------------------|------------------|------------------|
| Staða í upphafi árs .....           | 3.382.002        | 2.949.154        |
| Framlög v/Lottó .....               | 442.679          | 590.913          |
| Lr. Afreksmannasjóður v. 2017 ..... | -187.431         | 0                |
| Framlag Borgarbyggð .....           | 333.433          | 327.164          |
| Framlag Skorradalshreppur .....     | 55.572           | 54.527           |
| Styrkir .....                       | -760.000         | -600.000         |
| Vextir .....                        | 38.323           | 60.244           |
| <b>Afreksmannasjóður í lok árs</b>  | <b>3.304.578</b> | <b>3.382.002</b> |

|                                 | Skýr. | 2018           | 2017             |
|---------------------------------|-------|----------------|------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>           |       |                |                  |
| Framlög v/Lottó .....           |       | 442.679        | 590.913          |
| Framlag Borgarbyggð .....       |       | 333.433        | 327.164          |
| Framtal Skorradalshreppur ..... |       | 55.572         | 54.527           |
| Vextir .....                    |       | 49.132         | 75.305           |
|                                 |       | <u>880.816</u> | <u>1.047.909</u> |

### Gjöld

|                                     |                |                |
|-------------------------------------|----------------|----------------|
| Lr. Afreksmannasjóður v. 2017 ..... | 187.431        | 0              |
| Styrkir .....                       | 760.000        | 600.000        |
| Vextir .....                        | 10.809         | 15.061         |
|                                     | <u>958.240</u> | <u>615.061</u> |

|                           |                |                |
|---------------------------|----------------|----------------|
| <b>Rekstrarniðurstaða</b> | <u>-77.424</u> | <u>432.848</u> |
|---------------------------|----------------|----------------|

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

|                       |                  |                  |
|-----------------------|------------------|------------------|
| Bankareikningur ..... | 2.535.259        | 3.336.936        |
| Krafa á UMSB .....    | 769.319          | 45.066           |
| <b>Eignir samtals</b> | <u>3.304.578</u> | <u>3.382.002</u> |

#### Eigið fé

|                            |                  |                  |
|----------------------------|------------------|------------------|
| <b>Óráðstafað eigið fé</b> | <u>3.304.578</u> | <u>3.382.002</u> |
|----------------------------|------------------|------------------|





TRAUSTI EIRÍKSSON  
SÖLUSTJÓRI

ÁÐ STUNDA ÍPRÓTTIR GERIR OKKUR BETRI Í HVERJU SEM ER.  
ÞESS VEGNA STYÐJUM VIÐ ÞÆR ALLAR!



ÍSLENSK  
GETSPÁ | Engjavegi 6, 104 Reykjavík  
Sími 580 2900 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþróttis- og Ólympusambands Íslands,  
Drykkjaféðalags Ísrs og Ungmannaklúbbs Íslands.

